Fjölnet

# Verkefnastjóri - rekstur upplýsingakerfa

*Fjölnet ehf. er eitt elsta Internetþjónustufyrirtæki landsins með sögu sem nær allt til ársins 1999. Í dag er fyrirtækið í hópi fimm stærstu hýsingar- og internetfyrirtækja á landinu með stóran og fjölbreyttan hóp fyrirtækja í viðskiptum.*

*Fjölnet ehf. er í eigu Tengils ehf. sem hefur starfað í 26 ár. Hjá Tengli starfa yfir 40 starfsmenn og er fyrirtækið með starfsemi á þremur stöðum á landinu.*

*Nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á heimasíðu þess **www.fjolnet.is***

Fjölnet ehf. á Sauðárkróki óskar eftir að ráða verkefnastjóra í nýtt starf. Unnið er skv. ISO 27001 gæðakerfi og stefnt er að vottun þess.

### Starfssvið

- Dagleg verkefnastjórnun við rekstur upplýsingakerfa
- Samskipti við starfsmenn og viðskiptavini
- Umsjón með gæðakerfi, þróun þess og skjölun því tengdu
- Áhersla er lögð á skilvirka ferla og góða þjónustu

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði upplýsingatækni, viðskiptafræði eða skyldum greinum er æskileg
- Góð þekking á upplýsingatækni er æskileg
- Reynsla af öguðum vinnubrögðum og verkferlum
- Mikil áhersla er lögð á þjónustulund og metnað í starfi

*Umsóknarfrestur er til og með 10. júní nk. Umsókn ásamt ferilskrá óskast fyllt út á www.intellecta.is. Nánari upplýsingar um starfið veita Torfi Markússon (**torfi@intellecta.is)** og Ari Eyberg (**ari@intellecta.is)** í síma 511 1225. **Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál og þeim svarað.***

***Intellecta, Síðumúla 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225***

intellecta
▪ ráðgjöf ▪ ráðningar ▪ rannsóknir




## Launafulltrúi

Landsnet hf. leitar að reynslumiklum launafulltrúa. Um er að ræða nýtt starf og mun launafulltrúi koma að innleiðingu á nýju launakerfi fyrir Landsnet. Starfið heyrir undir Mannauð og er starfshlutfall 50%.

### Starfssvið:

- Umsjón og ábyrgð á launabókhaldi Landsnets, þ.m.t. útreikningur og greiðsla launa og skil launatengdra gjalda
- Upplýsingagjöf til starfsmanna vegna útborgunar launa
- Ýmsar greiningar, samantektir og úrvinnsla á sviði kjaramála
- Ráðgjöf til stjórnenda á sviði kjaramála
- Samskipti við starfsmenn, lífeyrissjóði, stéttarfélög og opinbera aðila
- Útreikningar á kjörum og réttindum starfsmanna skv. kjarasamningum
- Túlkun kjarasamninga og eftirlit með framkvæmd kjarasamninga
- Ýmis önnur störf s.s. tryggingar starfsmanna, launagreiningar og þátttaka og undirbúningur vegna kjaraviðræðna

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Góð reynsla af launabókhaldi er nauðsynleg
- Menntun sem viðurkenndur bókari eða sambærileg menntun er kostur
- Þekking á H3 launa- og mannauðskerfi er kostur
- Góð kunnátta og færni í Excel
- Þekking á kjarasamningum og lögum um réttindi og skyldur starfsmanna
- Starfið krefst nákvæmni, skipulags og sjálfstæðra vinnubragða
- Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum

Landsnet hf. annast flutning raforku á Íslandi og stýrir uppbyggingu flutningakerfisins. Landsnet stýrir jafnframt raforkukerfi landsins og tengir þannig saman framleiðendur og notendur raforku. Landsnet er ábyrgt og framsækið þjónustufyrirtæki með öfluga liðsheild, sterka samfélagsvitund og í fremstu röð í alþjóðlegum samanburði. Landsnet leggur áherslu á að vera eftirsóknarverður vinnustaður.

**Umsóknarfrestur er til og með 15. júní nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.**

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Silja Jóhannesdóttir (silja.johannesdottir@ capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

**Landsnet | Gylfaflöt 9 | 112 Reykjavík | Sími 563 9300 | Fax 563 9309 | landsnet@landsnet.is | www.landsnet.is**

# FRAMTÍÐIN ER ÞÍN!



## Vélamiðstöðin – bifvélavirki 566133

Vélamiðstöðin óskar eftir að ráða til starfa bifvélavirkja eða aðila með mikla reynslu af viðgerðum á bílum og tækjum. Í starfinu felast almennar viðgerðir á bifreiðum og vélbúnaði Vélamiðstöðvarinnar. Vinnutími er mánudaga til fimmtudaga frá kl. 7:30-17:00 og á föstudögum frá kl. 7:30-15:00. Um framtíðarstarf er að ræða. Leitað er að aðila með menntun í bíliðngreinum eða reynslu á sviði bíla- eða rafmagnsviðgerða. Viðkomandi þarf að búa yfir góðri samskiptahæfni, vera jákvæður og búa yfir frumkvæði.

## Skoðunarmaður 566135

Bílaumboðið Askja ehf. óskar eftir að ráða skoðunarmann. Í starfinu felst söluskoðun notaðra fólksbíla vegna uppítöku og gerð verðáætlana. Einnig eftir atvikum standsetning nýrra bíla, þrif bifreiða og önnur tilfallandi verkefni á fólksbílaverkstæði. Vinnutími er frá kl. 8:00-17:00 auk mögulegrar yfirvinnu. Reynsla af söluskoðunum eða bifreiðaskoðunum er skilyrði. Bifvélavirkjun eða sambærileg menntun - kostur. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst, vera þjónustulipur og með jákvæða framkomu.

## Drífandi sölumaður 566136

Vegna vaxandi umsvifa óska Rekstrarvörur eftir að ráða sölumann til starfa. Í boði er starf hjá rótgrónu og traustu fyrirtæki með mikla sóknarmöguleika. Starf sölumanns á almennum rekstrar- og hreinlætisvörum fyrir fyrirtæki og stofnanir felur í sér heimsóknir, úthringingar, sölu og þjónustu til viðskiptavina á fyrirtækja- og stofnanamarkaði. Starfinu geta fylgt ferðalög innanlands. Leitað er að drífandi sölumanni sem hefur brennandi áhuga á sölu og mannlegum samskiptum. Viðkomandi þarf að hafa frumkvæði og metnað til að leita nýrra sóknartækifæra auk þess að viðhalda tengslum við núverandi viðskiptavini. Einungis reyklausir einstaklingar með hreint sakavottorð, sem eru að leita sér að framtíðarstarfi koma til greina.

## Deildarstjóri akstursdeildar 566117

Fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir að ráða deildarstjóra akstursdeildar. Í starfinu felst dagleg stjórnun akstursdeildar, flutningur bíla og tækja, móttaka flutningsbeiðna, umsjón vaktaskipulags, ábyrgð á ástandi bifreiða, uppgjör og reikningagerð ásamt öðru sem tilheyrir starfinu. Engin mannaforráð. Vinnutími er frá kl. 8:00-18:00 alla virka daga.
Leitað er að starfsmanni með meiraprófsréttindi, gott viðmót og hæfni í mannlegum samskiptum. Viðkomandi þarf að hafa góða almenna tölvukunnáttu, vera stundvís og viðhafa öguð vinnubrögð. Einnig þarf viðkomandi að vera skipulagður, með gott álagsþol, hafa reynslu af stjórnun og/eða hafa borið ábyrgð á krefjandi verkefnum.

## Meiraprófsbílstjóri – sumarafleysing 566088

Framleiðslufyrirtæki óskar eftir að ráða meiraprófsbílstjóra í tímabundið starf. Um er að ræða tímabilið júní, júlí og ágúst. Starfið felur í sér útkeyrslu á vörum til viðskiptavina á höfuðborgarsvæðinu. Vinnutími er alla virka daga frá kl. 7:30-15:30. Leitað er að traustum aðila sem er jákvæður og góður í mannlegum samskiptum með gilt ökuskírteini og hreint sakavottorð.

## Matráður hjá SS í Reykjavík 566138

Sláturfélag Suðurlands leitar að matráði í mötuneyti félagsins á Fosshálsi í Reykjavík. Í starfinu felst dagleg umsjón mötuneytis, matreiðsla og umsjón kaffimeðlætis. Einnig felst í starfinu frágangur í eldhúsi og matsal. Leitað er að kraftmiklum og jákvæðum einstaklingi, með reynslu af matráðsstarfi - matreiðslumenntun kostur. Viðkomandi þarf að vera skipulagður og útsjónarsamur, jákvæður, með mikla samskiptahæfni, þjónustulund og frumkvæði. Vinnutími er frá kl. 7:30 til 15:30.

UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING EINGÖNGU HJÁ VINNA.IS

FLEIRI STÖRF Í BOÐI Á WWW.VINNA.IS
www.facebook.com/vinna.is

vinna.is
S: 511 1144



LANDSNET

# Spennandi störf fyrir öflugt fólk

**Landsnet auglýsir þrjú laus störf til umsóknar í Netrekstri**

Netrekstur Landsnets ber ábyrgð á rekstri og viðhaldi búnaðar í flutningskerfi fyrirtækisins, bæði háspennulínum og tengivirkjum. Landsnet á og rekur allar megin-flutninslínur rafmagns á Íslandi.

## Sérfræðingur í rekstri háspennulína

**Starfssvið:**

- Umsjón með þeim hluta af eignaumsýslukerfi Landsnets sem snýr að rekstri flutningsmannvirkja
- Umsjón með stærri viðhaldsverkefnum háspennulína
- Gerð rekstarleiðbeininga og áhættugreininga vegna reksturs flutningsmannvirkja
- Gerð viðbragðsáætlana við vá í rekstri flutningsmannvirkja
- Umsjón með tæknigagnasafni og skjalastýringu vegna reksturs flutningsmannvirkja
- Þátttaka í gerð kröfulýsinga vegna mannvirkja í flutningskerfinu
- Viðtökuprófanir vegna nýrra og breyttra flutningsmannvirkja

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun á sviði byggingaverkfræði eða tæknifræði
- Reynsla og þekking á rekstri og viðhaldi á byggingamannvirkjum
- Reynsla og hæfni í greiningu og framsetningu gagna
- Kunnátta í talaðri og ritaðri ensku og norðurlandatungumáli
- Hæfni í samskiptum og viðhalda góðum tengslum við fólk
- Hæfni í skýrslugerð og frágangi tölulegra og ritaðra gagna
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum

## Sérfræðingur í rekstri tengivirkja

**Starfssvið:**

- Umsjón með rekstri stjórnkerfa og hjálparkerfa tengivirkja
- Umsjón með þeim hluta af eignaumsýslukerfi Landsnets sem snýr að rekstri tengivirkja
- Umsjón með stærri viðhaldsverkefnum tengivirkja
- Gerð rekstarleiðbeininga og áhættugreininga fyrir tengivirki
- Gerð viðbragðsáætlana við vá í rekstri tengivirkja
- Umsjón með tæknigagnasafni og skjalastýringu vegna reksturs tengivirkja
- Gerð kröfulýsinga vegna búnaðar flutningskerfisins
- Þátttaka í viðtökuprófunum vegna nýrra og breyttra flutningsvirkja

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun á sviði rafmagnsverkfræði eða rafmagnstæknifræði
- Reynsla og þekking á rekstri stjórnkerfa og viðhaldskerfa
- Reynsla og þekking á rekstri tengivirkja er æskileg
- Reynsla og hæfni í greiningu og framsetningu gagna
- Kunnátta í talaðri og ritaðri ensku og norðurlandatungumáli
- Hæfni í samskiptum og að viðhalda góðum tengslum við fólk
- Hæfni í skýrslugerð og frágangi tölulegra og ritaðra gagna
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum

## Verkstjóri á Austurlandi með starfsstöð á Egilsstöðum

**Stafssvið:**

- Umsjón með ráðstöfun starfsmanna í verkefni
- Rekstur og viðhald á há- og lágspenubúnaði og háspennulínum
- Endurbætur og viðgerðir á há- og lágspennubúnaði tengivirkja og háspennulína
- Sinnir viðgerðum og bilunum á búnaði og endurbætur skv. viðhaldsáætlun
- Þátttaka í vinnu við nýbyggingar flutningsvirkja
- Umsjón og ábyrgð á skráningum verktíma starfsmanna
- Vinnur að öryggismálum starfsmanna
- Þátttaka í viðbragðsáætlunum, æfingum og bakvöktum
- Ýmis önnur tengd störf

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af vinnu við háspennuvirki
- Samskiptahæfileika og hæfni til verkstjórnunar
- Sjálfstæði og skipulögð vinnubrögð
- Gott líkamlegt atgervi
- Vilji og geta til að vinna í hæð og við erfiðar aðstæður
- Hæfni í talaðri og ritaðri ensku
- Reynsla af rekstri flutningsvirkja er æskileg

Landsnet hf. annast flutning raforku á Íslandi og stýrir uppbyggingu flutningakerfisins. Landsnet stýrir jafnframt raforkukerfi landsins og tengir þannig saman framleiðendur og notendur raforku. Landsnet er ábyrgt og framsækið þjónustufyrirtæki með öfluga liðsheild, sterka samfélagsvitund og í fremstu röð í alþjóðlegum samanburði. Landsnet leggur áherslu á að vera eftirsóknarverður vinnustaður.

**Umsóknarfrestur er til og með 15. júní nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.**

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Silja Jóhannesdóttir (silja.johannesdottir@ capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

**Landsnet | Gylfaflöt 9 | 112 Reykjavík | Sími 563 9300 | Fax 563 9309 | landsnet@landsnet.is | www.landsnet.is**

Capacent Ráðningar

# FRÆÐSLU- OG MENNINGARFULLTRÚI

NORÐURÞING

Sveitarfélagið Norðurþing varð til árið 2006 við sameiningu fjögurra sveitarfélaga: Húsavíkurbæjar, Kelduneshrepps, Öxarfjarðarhrepps og Raufarhafnarhrepps. Nær það yfir rúmlega 4% landsins, frá Reykjahverfi í Suður Þingeyjarsýslu að Ormarsá austan við Raufarhöfn og upp fyrir Grímsstaði á Fjöllum, í Norður Þingeyjarsýslu. Þéttbýliskjarnarnir í sveitarfélaginu eru Húsavík, Kópasker og Raufarhöfn. Í ársbyrjun 2012 voru íbúar Norðurþings 2883 talsins.

**Norðurþing auglýsir lausa stöðu fræðslu- og menningarfulltrúa með starfsstöð á Húsavík. Leitað er öflugum einstaklingi sem hefur metnað til að sýna árangur í starfi. Staðan heyrir beint undir bæjarstjóra.**

**Starfssvið:**

- Yfirumsjón með starfsemi leik-, grunn- og tónlistarskóla Norðurþings ásamt bókasöfnum sveitarfélagsins
- Umsjón með undirbúningi og upplýsingagjöf til fræðslu- og menningarnefndar
- Eftirfylgni stefnumörkunar og ákvarðana nefndarinnar
- Seta í fjölmörgum stjórnum stofnana sem sveitarfélagið er aðili að
- Verkefni er lúta að málefnum lista- og menningarsafna
- Umsjón með samskiptum við vinabæi Norðurþings

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólapróf sem nýtist í starfi skilyrði, framhaldsmenntun kostur
- Þekking og/eða reynsla af rekstri og áætlanagerð
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Góð tungumálakunnátta í íslensku og ensku. Kunnátta í einu Norðurlandamáli æskileg
- Metnaður og frumkvæði
- Lipurð í mannlegum samskiptum og þekking á mannauðsstjórnun
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu æskileg

**Umsóknarfrestur er til og með 18. júní nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.**
Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.
Nánari upplýsingar veita Þóra Pétursdóttir (thora.petursdottir@capacent.is) og Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

Capacent Ráðningar
Hvannavellir 14
Sími 540 1000

capacent

# Reynslumikill sérfræðingur í hugbúnaðarþróun

LANDSBANKINN KT 471008-0280

**Laus eru til umsóknar störf** við hugbúnaðarþróun í Upplýsingatæknideild Landsbankans. Vegna aukinna umsvifa og fjölda verkefna leitum við að öflugum einstaklingum í teymið.

**Helstu verkefni**

» Greining, hönnun, forritun og prófun þess hugbúnaðar sem þróaður er hjá Landsbankanum

» Þróun einingaprófana

» Kóðarýni og skjölun

» Þátttaka í gerð verkáætlana

**Menntunar- og hæfniskröfur**

» Háskólamenntun á sviði kerfis-, tölvunar-, tækni- eða verkfræði

» Að lágmarki þriggja ára reynsla af hugbúnaðargerð

» Reynsla af forritun í C# og notkun TFS

» Þekking á gagnagrunnskerfum er kostur

» Reynsla innan fjármálageirans er kostur

» Skipulagshæfni og öguð vinnubrögð

» Frumkvæði, fagmennska og færni í mannlegum samskiptum

**Nánari upplýsingar**

Nánari upplýsingar veita Birna Íris Jónsdóttir, deildarstjóri í UT (birna.i.jonsdottir@landsbankinn.is) í síma 410 7081 og Berglind Ingvarsdóttir hjá Mannauði (berglind.ingvarsdottir@landsbankinn.is) í síma 410 7914.

Við hjá Upplýsingatæknideild Landsbankans höfum innleitt Agile og notum m.a. Scrum, Kanban og prófanadrifna hugbúnaðargerð (TDD).

Umsókn merkt „Hugbúnaðarþróun“ fyllist út á vef bankans. Umsóknarfrestur er til og með föstudagsins 14. júní nk.

**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000

## Vilt þú auka tekjur þínar?

Viltu starfa sjálfstætt, ráða þínum eigin vinnutíma?
Erum að leita eftir heiðalegu, ábyggilegu, framsæknu og duglegu fólki til að starfa með.
Miklir framtíðarmöguleikar hérlendis og erlendis.
Alþjóðlegt fyrirtæki, eitt stærsta og farsælasta fyrirtæki á sínu sviði í heiminum í dag, starfar í yfir 150 löndum.
Árangurstengdar tekjur auk mögulegra bónusa.
Tekjumöguleikar
70.000 - 300.000 kr. á mán.
300.000 - 600.000 kr. á mán.

**Áhugasamir hafið samband:**
820-4122 eða moguleiki@gmail.com

## LAGERSTJÓRI

**Leitum að stundvísum og harðduglegum lagerstjóra.**

Starfið felst í að skipuleggja lager, taka til vörur til útkeyrslu, taka á móti vörum, finna til hráefni fyrir framleiðslu og önnur lagerstörf. Lagerstjóri skal halda lager og útisvæði hreinu og snyrtilegu og hafa umsjón á tæmingum ruslagáma.

Vinsamlegast sendið umsóknir á **vinna@pmt.is.**

pmt Krókhálsi 1 · 110 Rvk · www.pmt.is

## Waldorfkennarar

**Waldorfskólinn Sólstafir í Reykjavík auglýsir lausar stöður við skólann n.k. skólaár 2013-2014.**

**Bekkjarkennari á miðstigi.**
**Raungreinakennari og enskukennari á efra stigi.**

Waldorfskólinn er sjálfstæður grunnskóli sem hefur að leiðarljósi uppeldis- og kennslufræði Rudolfs Steiner, þar sem sköpunarkraftur einstaklingsins, listræn framsetning og úrvinnsla námsefnis og heilbrigt félagslegt umhverfi eru sett í forgrunn.

Nánari upplýsingar hjá solstafir@waldorf.is.




## Sérfræðingur hjá Fyrirtækjaráðgjöf

Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka hefur gegnt leiðandi hlutverki við mótun og uppbyggingu íslensks fjármálamarkaðar undanfarin ár. Deildin veitir ráðgjöf við skráningu fyrirtækja á markað, skuldabréfaútboð, hlutafjárútboð og yfirtökutilboð á félögum. Einnig veitir hún fyrirtækjum og fjárfestum ráðgjöf í tengslum við kaup, sölu og endurskipulagningu á fyrirtækjum. Fyrirtækjaráðgjöf vinnur náið með lykilstjórnendum fyrirtækja og eru flest stærstu fyrirtæki landsins í viðskiptavinahópi Fyrirtækjaráðgjafar Íslandsbanka

Vegna aukinna umsvifa leitum við að kraftmiklum liðsmanni í samhentan hóp Fyrirtækjaráðgjafar Íslandsbanka.

**Helstu verkefni:**

- Verðmat og greining á fyrirtækjum
- Gerð kynningargagna
- Kynning og rökstuðningur greiningarefnis
- Samskipti við forsvarsmenn fyrirtækja og aðra viðskiptavini

**Hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun
- Starfsreynsla af fjármálamarkaði æskileg
- Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og kraftur
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Gott vald á íslensku og ensku í mæltu og rituðu máli

**Nánari upplýsingar:**

Ásmundur Tryggvason, forstöðumaður Fyrirtækjaráðgjafar Íslandsbanka, sími 440 2737, netfang: asmundur.tryggvason@islandsbanki.is

Á Mannauðssviði veitir Sigrún Ólafsdóttir nánari upplýsingar, sími 440 4172, netfang: sigrun.olafs@islandsbanki.is.

## Deildarstjóri í Áhættustýringu

Áhættustýring veitir greiningar- og eftirlitsþjónustu sem stuðlar að upplýstri ákvarðanatöku og sterkri áhættuvitund stjórnar og starfsmanna bankans. Áhættustýring beitir sér fyrir sífelldum umbótum í starfi bankans í krafti sérþekkingar sinnar og eykur þar með virði þeirrar þjónustu sem bankinn veitir. Líkanagerð er deild innan Áhættustýringar sem hefur það hlutverk að þróa og útfæra áhættustýringarlíkön sem notuð eru í tengslum við útlánaáhættu. Deildin veitir einnig sérhæfða greiningarþjónustu fyrir aðrar einingar bankans.

Íslandsbanki óskar eftir að ráða öflugan deildarstjóra í hóp metnaðarfullra, reynslumikilla og samhentra sérfræðinga.

**Helstu verkefni:**

- Yfirumsjón með líkanagerð Áhættustýringar
- Þróun og viðhald áhættumatslíkana
- Þróun og túlkun álagsprófa
- Sérhæfð greiningarverkefni

**Hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Framúrskarandi stærðfræði- og tölfræðiþekking
- Greiningarhæfni, samskiptahæfni, frumkvæði, sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Afar góð tölvukunnátta og reynsla af notkun fyrirspurnatóla
- Hæfni til að koma frá sér efni í ræðu og riti, bæði á íslensku og ensku
- Reynsla af áhættustýringu og þekking á bankastarfsemi er kostur

**Nánari upplýsingar:**

Kristján Rúnar Kristjánsson, forstöðumaður Eignasafnsáhættu og líkanagerðar, sími 440 2755, netfang: kristjan.kristjansson@islandsbanki.is

Á Mannauðssviði veitir Sigrún Ólafsdóttir nánari upplýsingar, sími 440 4172, netfang: sigrun.olafs@islandsbanki.is.

Umsóknir óskast fylltar út á **www.islandsbanki.is** og sendar inn ásamt ítarlegri ferilskrá **fyrir 9. júní nk.**

**Við bjóðum góða þjónustu**

Íslandsbanki

ENNEMM / SIA / NM58280

Capacent Ráðningar

# FJÁRMÁLASÉRFRÆÐINGUR
## SKÓLA- OG FRÍSTUNDASVIÐ

Reykjavíkurborg er skapandi og metnaðarfullur vinnustaður með hátt í átta þúsund starfsmenn. Verkefnin eru fjölbreytt og snerta daglegt líf borgarbúa með margvíslegum hætti.

**Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar auglýsir starf fjármálasérfræðings laust til umsóknar. Leitað er að öflugum og metnaðarfullum einstaklingi í fjármála- og rekstrarþjónustu skóla- og frístundasviðs. Næsti yfirmaður fjármálasérfræðings er fjármálastjóri sviðsins.**

Undir skóla- og frístundasvið heyrir rekstur leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva Reykjavíkurborgar, starfsemi Námsflokka Reykjavíkur, skólasafnamiðstöðvar og skólahljómsveita. Jafnframt greiðir sviðið framlög til sjálfstætt starfandi dagforeldra, leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla og hefur eftirlit með starfsemi þeirra. Skóla- og frístundasvið þjónustar yfir 20 þúsund börn og fjölskyldur þeirra. Útgjöld sviðsins eru u.þ.b. 37 milljarðar kr. á ári í tæplega 200 rekstrareiningum.

**Helstu verkefni:**
- Áætlanagerð
- Mánaðarleg uppgjör og frávikagreining
- Eftirfylgni til að tryggja að útgjöld séu innan fjárheimilda
- Ýmsar greiningar, útreikningar og svörun fyrirspurna
- Fjárhagslegt eftirlit
- Þróun og samantekt á lykiltölum
- Upplýsingagjöf til stjórnenda og annarra

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólagráða í viðskiptafræði með áherslu á fjármál eða endurskoðun
- Mastersgráða í viðskiptafræði kostur
- Reynsla af vinnu við uppgjör og áætlanagerð æskileg
- Reynsla af lykiltalnagreiningu æskileg
- Góð íslenskukunnátta ásamt færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Frumkvæði, sjálfstæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Skipulagshæfni, nákvæmni og ögun í vinnubrögðum
- Lipurð í samskiptum

Um laun og starfskjör fer samkvæmt kjarasamningum Reykjavíkurborgar við viðeigandi stéttarfélag.
Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.

**Umsóknarfrestur er til og með 18. júní nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.**
Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.
Nánari upplýsingar veita Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Erik Christianson Chaillot (erik.chaillot@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

---




Guðlaugur Eyjólfsson, forstöðumaður

# Við leitum að öflugum forstöðumanni verslana

Forstöðumaðurinn heyrir undir Sölu- og þjónustusvið Símans og stýrir deild sem heldur utan um verslanir Símans, þrjár í Reykjavík og eina á Akureyri. Einnig heldur viðkomandi utan um vefverslun Símans.

Leitað er að metnaðarfullum, hugmyndaríkum og skapandi aðila með reynslu af verslunarrekstri. Viðkomandi þarf að vera með framúrskarandi samskiptahæfileika og brennandi áhuga á sölu og þjónustu.

**Menntun og hæfni:**
- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Reynsla af verslunarrekstri skilyrði
- Áhugi/þekking á hönnun verslana æskileg
- Þekking á íslensku viðskiptalífi

**Persónulegir hæfileikar:**
- Kraftur og frumkvæði
- Sjálfstæð og vönduð vinnubrögð
- Góðir stjórnunar- og skipulagshæfileikar
- Útsjónarsemi og sjálfstæð vinnubrögð

Umsóknarfrestur er til og með 9. júní 2013

Fyrirspurnir berist til Brynhildar Halldórsdóttur (brynhildur@skipti.is).
Aðeins er tekið á móti umsóknum í gegnum www.siminn.is.

Við höfum gildi Símans að leiðarljósi í störfum okkar og erum skapandi, áreiðanleg og lipur.

Síminn

ENNEMM / SIA / NM58085

SIGLINGASTOFNUN INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

## RANNSÓKNASTYRKIR TIL ORKUSKIPTA Í SKIPUM

Siglingastofnun Íslands í samstarfi við Innanríkisráðuneytið auglýsir lausa til umsókna styrki til orkuskipta í skipum.

**Styrkirnir verða veittir:**

- til verkefna sem stuðla að nýtingu á innlendri orku í skipa- og bátaflotann í stað jarðefnaeldsneytis og styrkja alþjóðasamvinnu um slík verkefni
- til verkefna sem miða að notkun vistvænna eldsneytis og bættri nýtingu eldsneytis í skipum
- til hönnunar eða smíði frumgerðar tækja og búnaðar til orkuskipta í skipum
- til sérstakra verkefna til eflingar fræðslu og þekkingaryfirfærslu um arðsemi og umhverfislegan ávinning af orkuskiptum í skipum

**Við úthlutun styrkja til orkuskipa í skipum 2013 verður sérstök áhersla lögð á:**

- notkun innlendra orkugjafa
- vistvænt eldsneyti og sparnað jarðefnaeldsneytis
- öflun þekkingar á þessum sviðum og miðlun hennar
- rannsóknir, þróun og samstarf sem að þessu miðar

Styrkirnir eru til endurgreiðslu á allt að 20% kostnaði upp að tilteknu hámarki við rannsóknir og eða breytingar sem gera þarf á skipum eða innviðum hafna til að skipta yfir í innlenda orkugjafa, annað vistvænt eldsneyti eða bætta nýtingu þess. Verkefnið byggir á markmiðum um græna hagkerfi.

**Umsóknafrestur er 4 vikur frá birtingu þessarar auglýsingar.**

Frekari upplýsingar um styrkina er að finna á vefsíðu Siglingastofnunar Íslands www.sigling.is

# Gæðastjóri

**Verkfræði- og náttúruvísindasvið** Háskóla Íslands óskar eftir að ráða gæðastjóra. Gæðastjórinn mun tilheyra stoðþjónustu sviðsins og heyra undir forseta þess. Meginhlutverk gæðastjóra er að þróa gæðakerfi sviðsins og lýsa verkferlum, skipuleggja markvissa umbótavinnu og eftirfylgni.

**Gæðastjórinn** mun starfa náið með forseta sviðsins sem og gæðanefnd þess og gæðastjóra háskólans. Gæðakerfi sviðsins er hluti af gæðakerfi háskólans. Þar sem um nýtt starf er að ræða er mikilvægt að viðkomandi geti haft frumkvæði og sé úrræðagóður. Starfið er spennandi og fjölbreytt og reynir á færni í samskiptum.

### Starfssvið

- Gerð gæðahandbókar, ferilvæðing og stöðug þróun ferla
- Uppbygging gæðakerfis sviðsins í samræmi við gæðakerfi háskólans
- Aðstoð við sjálfsmat deilda skv. áætlun gæðaráðs háskóla
- Endurmat árangurs af gæðastarfi sviðsins
- Skjalamál, þróun og útfærsla á skjalamálum sviðsins

Nánari upplýsingar um starfið veitir Þóra Margrét Pálsdóttir, mannauðsstjóri Verkfræði- og náttúruvísindasviðs, í síma **525 4644** og netfang: **thp@hi.is**

Umsóknarfrestur er til og með 17. júní 2013. Sjá nánar um starfið á **www.hi.is /laus_storf** og á **www.starfatorg.is.**

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun er krafa, menntun á sviði verkfræði er kostur
- Haldgóð þekking á gæðastjórnun, ferlum og stöðugum umbótum
- Góð íslensku- og enskukunnátta og ritfærni á báðum tungumálum
- Afbragðs samskiptahæfni
- Frumkvæði í starfi og góðir samstarfshæfileikar

HÁSKÓLI ÍSLANDS

PIPAR\TBWA • SÍA • 131205

# Safnadeild RÚV óskar eftir að ráða starfsmann í skráningu á tónlist

Hlutverk safnadeildar er að safna, varðveita og miðla dagskrárefni Ríkisútvarpsins og styðja við starfsemina með fjölbreyttum safnkosti og skjalastjórnun. Safnadeildin heldur einnig utan um tónlistarefni til flutnings í útvarpi og sjónvarpi.

### Helstu verkefni

- Skráning og lyklun á innlendri sem erlendri útgefinni tónlist og tónlistarupptökum samkvæmt alþjóðlegum reglum og stöðlum.
- Upplýsingaþjónusta sem felur í sér leit í gagnagrunnum og spjaldskrám RÚV, í uppflettiritum og innlendum og erlendum gagnagrunnum.
- Þróun og viðhald efnisorðalykils á sviði tónlistar, í samráði við annað starfsfólk RÚV.
- Þátttaka í þróun og hönnun á tölvukerfum safnadeildar.
- Þátttaka í samstarfi við innlenda faghópa á starfssviðinu.
- Almenn afgreiðsla.

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Bókasafns- og upplýsingafræði.
- Tónlistarmenntun kostur.
- Reynsla af skráningu.
- Góð íslenskukunnátta.
- Góð almenn tölvuþekking.
- Jákvætt viðmót og færni í mannlegum samskiptum.
- Sjálfstæði og frumkvæði í vinnubrögðum.

Við bjóðum upp á kraftmikið, skapandi og metnaðarfullt umhverfi þar sem starfar fjölbreyttur hópur fólks með mikla þekkingu og reynslu. Við leggjum áherslu á að endurspegla samfélagið sem við búum í og þess vegna hvetjum við konur jafnt sem karla til að sækja um.

Nánari upplýsingar veitir Margrét Sigurgeirsdóttir, safnastjóri í síma 515-3000 eða tölvupósti margrets@ruv.is.

Umsóknarfrestur er til og með 15. júní nk. Umsóknir óskast fylltar út á www.ruv.is/storf

RÚV

GRUNNSKÓLINN HÓLMAVÍK

# Grunnskólinn á Hólmavík

### Við Grunn- og Tónskólann á Hólmavík vantar kennara og stuðningsfulltrúa til starfa skólaárið 2013-2014

- Meðal kennslugreina er íslenska, stærðfræði, samfélagsgreinar og íþróttir.
- Einnig vantar stuðningsfulltrúa til að vinna með nemendum á skólatíma og í lengdri viðveru nemenda.
- Við tónskólann eru lausar tvær stöður tónlistarkennara

Umsækjendur um kennarastarf þurfa að hafa kennslu réttindi. Leitað er eftir einstaklingum með góða skipulags hæfileika og mikla hæfni í mannlegum samskiptum. Reynsla af teymisvinnu og áhugi á þróunarstarfi eru mikilvægir eiginleikar. Umsækjendur skulu hafa hreint sakarvottorð. Laun eru samkvæmt kjarasamningum LN og KÍ vegna kennarastaða en samkvæmt kjarasamningum á almennum vinnumarkaði vegna stöðu stuðningsfulltrúa.
**Umsóknarfrestur er til 6. júní 2012.**

**Nánari upplýsingar veita**
Hulda Ingibjörg Rafnarsdóttir, skólastjóri,
sími 451 3129 og 698 0929
Ingibjörg Emilsdóttir, aðstoðarskólastjóri,
sími 451 3129 og 695 4743

Umsóknum með starfsferilsskrá og afrit prófskírteina þar sem við á ásamt upplýsingum um meðmælendur sendist Huldu I. Rafnarsdóttur á skolastjorar@holmavik.is eða Grunnskólinn á Hólmavík, Skólabraut 20-22, 510 Hólmavík

*Grunnskólinn á Hólmavík er samrekinn grunn- og tónskóli með um 80 nemendum í 1. – 10. bekk þar sem lögð er áhersla á einstaklingsmiðað nám og samvinnu. Skólinn er Grænfánaskóli og er áhersla lögð á umhverfismennt og útinám. Við skólann starfar 20 manna samhentur hópur. Félagsmiðstöð ungmenna hefur aðstöðu í skólanum.*
*Í Strandabyggð búa tæplega 520 manns þar af 380 manns í þéttbýliskjarnanum Hólmavík. Á staðnum er öll almenn þjónusta, góður leikskóli og glæsileg íþróttamiðstöð ásamt sundlaug með aðstöðu fyrir alla aldurshópa. Fjölbreyttir útivistarmöguleikar eru til staðar og náttúrufegurð mikil. Hólmavík er í einungis 233 km fjarlægð frá Reykjavík sem er um 3 tíma akstur.*

point

# Forritari - hugbúnaðarþróun

*Point á Íslandi er hluti af alþjóðlegri samsteypu og er með starfsemi í 10 löndum.*

*Point leggur áherslu á heildarlausnir í rafrænni greiðslumiðlun. Meginstarfssvið Point er hugbúnaðargerð á því sviði ásamt innflutningi á posum. Fyrirtækið er leiðandi á sínu sviði. Hjá Point á Íslandi starfa nú 20 úrvals sérfræðingar.*

*Nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á heimasíðu þess **www.point.is***

**Point ehf. óskar eftir að ráða öflugan forritara sem hefur náð góðum árangri í starfi**

**Starfið** felst í forritun tengt rafrænni greiðslumiðlun og tengingum, samþættingu kerfa ofl.

Tækniumhverfið samanstendur af Java, .NET, C#, C++, MS SQL og Windows umhverfi.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun í tölvunar-, kerfis- eða verkfræði.
- Árangursrík starfsreynsla af sviði hugbúnaðar.
- Öguð og skipulögð vinnubrögð.

**Í boði er** fjölbreytt framtíðarstarf með margvíslegar faglegar áskoranir og mikil tækifæri. Lögð er áhersla á góðan starfsanda og fjölskylduvænt vinnuumhverfi.

*Umsóknarfrestur er til og með 10. júní nk. Umsókn ásamt ferilskrá óskast fyllt út á www.intellecta.is. Nánari upplýsingar um starfið veita Torfi Markússon (**torfi@intellecta.is**) og Ari Eyberg (**ari@intellecta.is**) í síma 511 1225. **Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál og þeim svarað.***

***Intellecta, Síðumúla 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225***

intellecta
▪ ráðgjöf ▪ ráðningar ▪ rannsóknir

---

**Orkuveitan er fjölbreyttur og lifandi vinnustaður fólks með mikla þekkingu. Fyrirtækið leitast við að vera í fremstu röð hvað snertir öryggi og vinnuumhverfi og möguleika starfsfólks til að samræma vinnu og fjölskylduábyrgð eins og kostur er.**

Einstaklingar af báðum kynjum eru hvattir til að sækja um störfin. Umsjón með úrvinnslu umsókna hefur Hilmar Garðar Hjaltason **(hilmar.hjaltason@capacent.is)** hjá Capacent Ráðningum. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.** Umsóknum um störfin þurfa að fylgja ítarlegar starfsferilsskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

**Umsóknarfrestur er til og með 12. júní. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.**



# VEITUSVIÐ OR
# – sérfræðingur stjórnkerfa

ÍSLENSKA/SIA.IS/ORK 64417 05/13

Veitusvið Orkuveitu Reykjavíkur óskar eftir að ráða rafmagnsverkfræðing eða tæknifræðing. Sérfræðingur í stjórnkerfum gegnir lykilhlutverki í rekstri stýrivéla í veitukerfum OR og stuðlar með frumkvæði og metnaði að hagkvæmum og öruggum rekstri veitukerfa. Starfið heyrir undir forstöðumann rekstrar á veitusviði. Veitusvið annast rekstur og uppbyggingu allra veitukerfa Orkuveitunnar, sinnir eftirliti og viðhaldi auk þess að stjórna öllu kerfinu og vakta það.

**Starfs- og ábyrgðarsvið:**
- Iðnstýringar, gagnasamskipti og önnur mál er varða tölvustýringu búnaðar í veitukerfum
- Umsjón með forgangsröðun verkefna og gangsetningu þeirra
- Áætlanagerð, kostnaðargát og stýring ráðgjafa/verktaka í verkefnum
- Gerð og viðhald viðbragðsáætlana
- Vöktun á rekstrarkostnaði
- Þátttaka stefnumótun

**Menntunar- og hæfnikröfur:**
- Háskólagráða í rafmagnsverk- eða tæknifræði
- Reynsla af rekstri stýrivéla
- Hönnunarreynsla æskileg
- Góð tölvukunnátta
- Færni í mannlegum samskiptum
- Metnaður, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum

HAGSÝNI – FRAMSÝNI – HEIÐARLEIKI

Orkuveita Reykjavíkur

---

**www.hagvangur.is**

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is




ENNEMM / SIA / NM58084

# Síminn óskar eftir öflugum liðsauka á Austurlandi

Síminn leitar að þjónustulunduðum og upplýsingatæknisinnuðum starfsmönnum til að halda utan um og þjónusta viðskiptavini Símans á Austurlandi.

## Viðskiptastjóri með tæknivit

Fjölbreytt starf sem felur í sér sölu, kynningar og þarfagreiningu fyrir fyrirtæki, ásamt tilboðs- og samningagerð, ráðgjöf og eftirfylgni. Einnig sér viðskiptastjóri um að afla og viðhalda viðskiptatengslum.

**Menntun og hæfni:**
- Háskólapróf æskilegt
- Reynsla af sölu og ráðgjöf skilyrði
- Áhugi og þekking á tækni nauðsynleg
- Innsæi í fjarskiptalausnir og/eða þekking á upplýsingatæknilausnum

**Persónulegir eiginleikar:**
- Kraftur og frumkvæði
- Lausnahugsun og rík þjónustulund
- Sjálfstæð vinnubrögð og hæfileiki til hópvinnu
- Góðir skipulagshæfileikar og hæfni í mannlegum samskiptum

## Þjónustulundaður tæknimaður

Starfið felur í sér ráðgjöf og vinnu tengda IP símkerfum-, tölvu- og netþjónustu. Einnig sinnir tæknimaður verkefnum sem snúa að rekstri upplýsingakerfa ásamt tilfallandi verkefnum.

**Menntun og hæfni:**
- Menntun í kerfisfræði, tölvunarfræði eða sambærilegt
- Þekking á Microsoft server umhverfi
- Þekking á Windows stýrikerfum
- Þekking á netkerfum góður kostur

**Persónulegir eiginleikar:**
- Kraftur og frumkvæði
- Lausnahugsun og rík þjónustulund
- Sjálfstæð vinnubrögð og hæfileiki til hópvinnu
- Góðir skipulagshæfileikar og hæfni í mannlegum samskiptum

Starfsstöð verður staðsett á Austurlandi. Störfin heyra undir rekstrareiningu Símans á Akureyri sem þjónustar viðskiptavini á Vestfjörðum, Norðurlandi og Austurlandi. Hjá Símanum á Akureyri starfa alls 18 manns.

Umsóknarfrestur er til og með 17. júní 2013.

Fyrirspurnir berist til Brynhildar Halldórsdóttur (brynhildur@skipti.is).
Aðeins er tekið á móti umsóknum í gegnum www.siminn.is.

Við höfum gildi Símans að leiðarljósi í störfum okkar og erum skapandi, áreiðanleg og lipur.

Síminn

www.vinna.is

vinna.is
sími: 511 1144

**Vísir hf óskar eftir að ráða Vélarvörð til afleysingar á Fjölnir SU 57.**

Fjölnir er línuveiðiskip með beitningarvél. Nánari upplýsingar eru gefnar í síma 896-2825 eða á heimasíðu Vísis **www.visirhf.is.**

VÍSIR

## Smiður óskast

**Óskum eftir að ráða öflugan smið til framtíðarstarfa.**

Aðallega er um innanhúsframkvæmdir að ræða en þó mikil fjölbreytni. Það að geta unnið sjálfstætt.
Vinsamlegast sendið upplýsingar á eggert@tharfathing.is

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

## Sérkennsluráðgjafi

Laus er til umsóknar staða sérkennsluráðgjafa vegna leikskólabarna á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar.

**Meginverkefni sérkennsluráðgjafa:**
- Umsjón og eftirlit með sérkennslu barna á einhverfurófi og annarra barna með þroskafrávik
- Ráðgjöf í sérkennslu til starfsfólks og foreldra
- Samstarf við stjórnendur og starfsfólk sem annast sérkennslu.
- Samstarf við aðrar stofnanir er fjalla um málefni sérkennslubarna

**Menntunar og hæfniskröfur:**
- Sérkennaramenntun og reynsla af sérkennslu .
- Framhaldsmenntun á sviði sérkennslufræða eða sambærileg menntun sem nýtist í þessu starfi æskileg
- Góð samskiptahæfni og færni til teymisvinnu.
- Skipulagshæfileikar og almennt góð tölvufærni
- Góð tungumálafærni í ensku og einu norrænu tungumáli

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Sérkennsluráðgjafi kemur til starfa í samhentan hóp starfsmanna á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar sem sinna stuðningi við skólastarf í leik- og grunnskólum þar sem margvíslegt, öflugt þróunarstarf er í gangi og í stöðugri þróun.

Umsóknarfrestur er til 15. júní. 2013 og skal skila umsóknum til Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar, Linnetsstíg 3 í Hafnarfirði. Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigurborg Kristjánsdóttir, þróunarfulltrúi leikskóla ( bogga@hafnarfjordur.is), í síma 585 5800.

Samkvæmt jafnréttisstefnu Hafnarfjarðar eru karlar jafnt sem konur hvattir til að sækja um starfið.

Fræðslustjórinn í Hafnarfirði

# SÖLUMAÐUR ÓSKAST

**Fyrirtækjasvið N1 leitar að kraftmiklum og áreiðanlegum sölumanni í hópinn.**
**Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi starf sem krefst frumkvæðis og sjálfstæðis í starfi.**

**HELSTU VERKEFNI**
- Sala á vörum N1 til fyrirtækja og stofnana um land allt
- Þjónusta og ráðgjöf til viðskiptavina
- Samskipti við innkaupadeild sem og innlenda og erlenda birgja
- Samskipti við markaðsdeild
- Önnur tilfallandi verkefni á fyrirtækjasviði

**MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR**
- Menntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla á sölustörfum
- Góð almenn tölvuþekking
- Góð íslenskukunnátta
- Frumkvæði og árangursdrifni
- Samskiptafærni og jákvætt viðhorf

Nánari upplýsingar um starfið veitir Hinrik Örn Bjarnason, framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs í síma **440 1040** eða í **tölvupósti hinrik@n1.is.** Áhugasamir sæki um starfið með því að senda ferilskrá ásamt nánari upplýsingum á netfangið **atvinna@n1.is fyrir 12. júní n.k.**

WWW.N1.IS N1 Meira í leiðinni

LANDSPÍTALI HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



# ÖLDRUNARLÆKNINGAR

## Deildarlæknir í starfsnámi og/eða endurmenntunarstaða

Starf deildarlæknis í öldrunarlækningum er laust til umsóknar. Um er að ræða fjölbreytt starf á hinum ýmsu þjónustuþáttum öldrunarlækna. Staðan er námsstaða sem veitist til eins árs en möguleiki er á skemmri ráðningu. Starfið er gott innlegg til sérnáms í öldrunarlækningum, heimilislækningum, lyflækningum og fleiri greinum.

Starfsvettvangur er á Landakoti og í Fossvogi. Vaktir eru á Landakoti. Einnig getur staðan verið góð endurmenntunarstaða fyrir starfandi heimilislækna.

### Helstu verkefni og ábyrgð
Deildarlæknir hlýtur þjálfun og reynslu á öllum sviðum öldrunarlækninga, við heildrænt mat, meðferð og greiningu á bráðaöldrunarlækningadeild, endurhæfingardeild og heilabilunardeild svo og við göngudeild og ráðgjöf.

### Hæfnikröfur
» Almennt íslenskt lækningaleyfi
» Íslenskukunnátta
» Lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum

### Nánari upplýsingar
» Umsóknarfrestur er til og með 20. júlí 2013.
» Starfshlutfall er 100% og veitist starfið frá 1. september 2013 eða eftir samkomulagi.
» Upplýsingar veitir Pálmi V Jónsson, yfirlæknir, netfang palmivj@landspitali.is, sími 543 9891.
» Umsókn fylgi náms- og starfsferilskrá ásamt afriti af prófskírteinum og lækningaleyfi.
» Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast Pálma V. Jónssyni, yfirlækni, LSH öldrunarlækningar K4 Landakoti.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á; www.landspitali.is, undir „laus störf". Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum. Nánari upplýsingar um forsendur ráðningar er að finna á heimasíðu Landspítala.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

LANDSPÍTALI HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



# Hjúkrunarfræðingur ICEBIO gagnagrunnur

Laust er til umsóknar starf hjúkrunarfræðings við ICEBIO gagnagrunninn í gigtsjúkdómum. Unnið er í dagvinnu en ákveðinn sveigjanleiki í vinnutíma er mögulegur.

Starfið er fjölbreytt og gefur tækifæri til þátttöku í vísindavinnu. Um er ræða nýtt starf sem heyrir undir yfirlækni gigtlækninga. Gert er ráð fyrir að viðkomandi taki þátt í þróun starfsins í samvinnu við samstarfsmenn.

### Helstu verkefni og ábyrgð
Starfið felst m.a. í skráningu í ICEBIO gagnagrunninn en þar fer fram kerfisbundin skráning allra íslenskra gigtsjúklinga sem fá meðferð með líftæknilyfjum. Starfið felst einnig í samskiptum við sjúklinga, eftirfylgd, fræðslu og ráðgjöf í samstarfi við gigtlækna og hjúkrunarfræðinga á dagdeild og göngudeild gigtsjúkdóma.

### Hæfnikröfur
» Íslenskt hjúkrunarleyfi
» Góð tölvufærni
» Faglegur metnaður
» Sjálfstæði í starfi og góð skipulagshæfni
» Góð færni og lipurð í samskiptum
» Þekking á gigtsjúkdómum æskileg

### Nánari upplýsingar
» Umsóknarfrestur er til og með 15. júní 2013.
» Starfshlutfall er 80-100% og veitist starfið frá 1. september 2013 eða eftir samkomulagi.
» Upplýsingar veitir Kristján Steinsson, yfirlæknir, netfang krstein@landspitali.is, sími 543 1000.
» Umsókn fylgi náms- og starfsferilskrá.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á; www.landspitali.is, undir „laus störf". Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum. Nánari upplýsingar um forsendur ráðningar er að finna á heimasíðu Landspítala.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

LANDSPÍTALI HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



# Gjörgæsla Hjúkrunarfræðingur

Starf hjúkrunarfræðings á gjörgæsludeild við Hringbraut er laust til umsóknar.

Deildin þjónar einstaklingum sem þarfnast gjörgæslumeðferðar af margvíslegum ástæðum. Þá er veitt sérhæfð meðferð, bæði eftir hjartastopp og opnar hjartaaðgerðir.

Í boði er góð einstaklingsaðlögun undir leiðsögn reyndra hjúkrunarfræðinga og frábært starfsumhverfi sem býður upp á möguleika til að dýpka þekkingu. Starfið er fjölbreytt og krefjandi.

### Helstu verkefni og ábyrgð
Hjúkrunarfræðingurinn ákveður, skipuleggur og veitir hjúkrunarmeðferð í samráði við skjólstæðinga og ber ábyrgð á meðferð, samkvæmt starfslýsingu.

### Hæfnikröfur
» Íslenskt hjúkrunarleyfi
» Faglegur metnaður
» Góð samskiptahæfni

### Nánari upplýsingar
» Umsóknarfrestur er til og með 15. júní 2013.
» Starfshlutfall er 80% og veitist starfið frá 1. september 2013 eða eftir samkomulagi.
» Upplýsingar veitir Marianne Hólm Bjarnadóttir, deildarstjóri, marianne@landspitali.is, sími 824 5980.
» Umsókn fylgi náms- og starfsferilskrá. Ákvörðun um ráðningu byggist á innsendum gögnum og viðtölum.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á; www.landspitali.is, undir „laus störf". Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum. Nánari upplýsingar um forsendur ráðningar er að finna á heimasíðu Landspítala.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

Eld Smiðjan



# Veitingastjóri óskast!

Við viljum ráða harðduglegan veitingastjóra til starfa á skemmtilegum og spennandi vinnustað. Þarf að hafa búa yfir skipulagshæfni og þolinmæði. Vinnutíminn er alla mánudaga til föstudaga, frá 9–17.

Ef þú hefur gaman af fólki og góðum mat, ert eldri en 33 ára og vilt vinna hjá traustu fyrirtæki með einstakan starfsanda, hikaðu þá ekki við að sækja um.

**Sæktu um hér:**
atvinna@foodco.is — umsokn@foodco.is

# Leitum að öflugum verslunarstjóra

66° NORÐUR

Vegna aukinna umsvifa óskar 66° NORÐUR eftir að ráða verslunarstjóra í verslun sína í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Leitað er að öflugum, metnaðargjörnum og drífandi einstaklingi sem er tilbúinn að starfa með góðum hópi fólks. Í boði er spennandi starf í vaxandi alþjóðlegu umhverfi þar sem framúrskarandi starfsmenn eiga möguleika á endurmenntun og starfsþróun.

## Starfssvið

- Ábyrgð á rekstri verslunar
- Samskipti og þjónusta við viðskiptavini
- Umsjón með útliti verslunar og framsetningu
- Sjá til þess að sölu- og þjónustumarkmið náist
- Dagleg stjórnun og starfsmannahald
- Mönnun vakta og ráðningar

## Hæfniskröfur

- Framúrskarandi samskiptahæfileikar
- Reynsla af sölumennsku
- Mjög góð enskukunnátta
- Eitt Norðurlandamál, þýska og önnur tungumál kostur
- Háskólamenntun kostur
- Reynsla af verslunarstörfum æskileg

HAGVANGUR

**Upplýsingar veitir Inga Steinunn Arnardóttir inga@hagvangur.is**
**Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is**
**Umsóknarfrestur er til og með 10. júní nk.**

**66°NORÐUR er eitt elsta og stærsta framleiðslufyrirtæki landsins. Það hefur þjónað sjómönnum, björgunarsveitum og öllum þeim sem vilja vera úti í vondu veðri frá því að það var stofnað á Suðureyri við Súgandafjörð árið 1926. Fyrirtækið framleiðir m.a. útivistarfatnað, sjófatnað og vinnufatnað og rekur alls 20 verslanir. Hjá því starfa um 300 starfsmenn við hönnun, framleiðslu, sölu og markaðssetningu, innanlands sem utan.**

# STARFSMAÐUR ÓSKAST

N1 leitar að áreiðanlegum og kraftmiklum einstaklingi með góða þjónustulund til starfa í verslun félagsins á Akureyri.

**HELSTU VERKEFNI**

- Almenn þjónusta
- Sala og ráðgjöf til viðskiptavina
- Önnur tilfallandi verkefni í verslun

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigurður Bjarnason verslunarstjóri í síma **440 1420**.
Vinsamlegast sækið um starfið á **sigurdurb@n1.is fyrir 12. júní n.k.**

WWW.N1.IS

N1 Meira í leiðinni

## Grunnskólinn á Hellu auglýsir !

### Kennarar

Okkur vantar áhugasaman kennara til starfa á næsta skólaári.
**Um er að ræða almenna kennslu á yngsta stigi og miðstigi.**

Æskilegt er að umsækjandi sé tilbúinn til þess að starfa með börnum og unglingum að íþrótta og félagsmálum.

Upplýsingar um skólann má finna á heimasíðu skólans
**http://grhella.is/**

Vinsamlegast hafið samband við undirritaða og fáið frekari upplýsingar.

Sigurgeir Guðmundsson skólastjóri
í síma 488 7021 / 894 8422
Steinar Tómasson aðstoðarskólastjóri
í síma 4887022 / 845 5893

# Skrifstofustarf 50%

Við leitum að starfsmanni í 50% starf á skrifstofu **Subway** á Íslandi.

Um er að ræða bókhaldsstörf, afstemmingar, skönnun reikninga og önnur tilfallandi skrifstofustörf.

Við gerum kröfur um almenna tölvukunnáttu, skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð og kostur ef viðkomandi hefur reynslu af Navision.

Umsókn ásamt ferilskrá skal senda á *starf@subway.is*

Umsóknarfrestur er til og með 9. júní nk.

SUBWAY

## Laus staða við Súðavíkurskóla

Súðavíkurhreppur er sveitarfélag við Ísafjarðardjúp, og er kauptúnið Súðavík við Álftafjörð þéttbýlasti hluti hreppsins. Hreppurinn skartar einstaklega fallegri og ósnortinni náttúru og er veðursæld mikil. Einungis er 10 mínútna akstur á Ísafjarðarflugvöll og tekur um 40 mínútur að fljúga til Reykjavíkur.
Skólahúsnæðið er glæsilegt og vel búið. Skólinn er einsetinn með fámennum aldursblönduðum bekkjardeildum, vel búinn tækjum og góðri vinnuaðstöðu. Leikskólinn er gjaldfrjáls í 6 tíma eða frá 8:00 til 14:00.

Súðavíkurskóli samanstendur af þremur skólagerðum þ.e. grunn- leik- og tónlistarskóla. Núna er laus staða leikskólakennara á leikskóladeildinni og umsjónarkennara í unglingadeild grunnskólans. Um er að ræða almennt starf á leikskóla og hinsvegar kennslu í íslensku, náttúrufræði, uppl-og tæknimennt, lífsleikni, handmennt og heimilisfræði og íþróttir á öllum skólastigum. Unnið er í anda Uppbyggingar til ábyrgðar og lögð er áhersla á fjölbreytta og sveigjanlega kennsluhætti, einstaklingsmiðað nám, vellíðan nemenda og samvinnu starfsmanna. Súðavíkurhreppur greiðir laun eftir kjarasamningi KÍ og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.
Umsóknarfrestur er til 14.júní n.k. meðmæli óskast með umsókn.
**Nánari upplýsingar veitir**
Anna Lind Ragnarsdóttir skólastjóri í gsm: 893-4985.



Veðurstofa Íslands

# Rekstrarstjóri

Veðurstofa Íslands auglýsir eftir rekstrarstjóra í fullt starf á Eftirlits- og spásviði. Í boði er nýtt, spennandi og fjölbreytt framtíðarstarf.

**Eftirlits- og spásvið** leikur lykilhlutverk í íslensku samfélagi þegar kemur að eftirliti, vöktun og þjónustu við almenning og stofnanir vegna náttúruvár og veðurs. Hlutverk sviðsins er að annast samþætta rauntímavöktun og útgáfu viðvarana og spáa vegna náttúruvár á Íslandi innan þess þjónustusvæðis sem stofnunin ber ábyrgð á. Sviðið veitir almenningi, fyrirtækjum og stofnunum innanlands veðurþjónustu í samræmi við lög, reglugerðir og samninga. Sviðið veitir jafnframt alþjóðlegri og innlendri flugstarfsemi flugveðurþjónustu innan íslenska flugstjórnarsvæðisins samkvæmt samningum þar um.

**Helstu verkefni**
Umsjón með daglegum rekstri sviðsins, auk áætlanagerðar. Gerð, eftirlit og umsýsla vegna samninga. Gerð og utanumhald með vaktaáætlunum, auk eftirlits með tíma- og verkskráningum sviðsins. Eftirfylgni með gæðamálum og aðkoma að starfsmannasamtölum og endurmenntun starfsmanna sviðsins í samráði við framkvæmdastjóra og mannauðsstjóra. Viðkomandi mun einnig sinna aðgerðarstjórnun á skilgreindum þáttum í náttúruváratburðum.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Farsæl reynsla af stjórnun, rekstri og áætlanagerð
- Góð færni í mannlegum samskiptum nauðsynleg
- Skipulögð og fagleg vinnubrögð
- Frumkvæði og ábyrgð
- Hæfni til að vinna sjálfstætt sem og í teymisvinnu
- Góð færni í íslensku og ensku nauðsynleg
- Þekking og/eða reynsla af atburðastjórnun kostur

Um er að ræða fullt starf og taka laun mið af kjarasamningum ríkisins og viðeigandi stéttarfélags.

Nánari upplýsingar um störfin veita **Theodór Freyr Hervarsson**, framkvæmdastjóri Eftirlits- og spásviðs (**teddi@vedur.is**) og **Borgar Ævar Axelsson**, mannauðsstjóri (**borgar@vedur.is**), í síma **522 6000**.

**Umsóknarfrestur er til og með 18. júní næstkomandi.**

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um störfin á heimasíðu Veðurstofu Íslands undir **www.vedur.is/um-vi/laus-storf** eða á **www.starfatorg.is**.

*Veðurstofa Íslands er opinber stofnun sem heyrir undir Umhverfis- og auðlindaráðuneyti. Hjá stofnuninni starfa um 135 manns með fjölbreytta menntun og starfsreynslu sem spannar mörg fræðasvið. Auk þess starfa um 120 manns við athugana- og eftirlitsstörf víðsvegar um landið. Hlutverk stofnunarinnar er öflun, varðveisla og úrvinnsla gagna, sem og miðlun upplýsinga á helstu eðlisþáttum jarðarinnar, þ.e.* ***lofti, vatni, jörð, snjó, jöklum*** *og* ***hafi****. Starfsemin fer fram á fjórum sviðum:* ***Eftirlits- og spásviði, Fjármála- og rekstrarsviði, Athugana- og tæknisviði*** *og* ***Úrvinnslu- og rannsóknasviði****. Nánari upplýsingar um stofnunina má finna á heimasíðu hennar* ***www.vedur.is****.*

*Gildi Veðurstofunnar eru* ***þekking, áreiðanleiki, framsækni*** *og* ***samvinna****. Ráðningar hjá stofnuninni munu taka mið af þessum gildum.*



www.vedur.is
522 6000

Dalvíkurbyggð

## Dalvíkurskóla vantar sérkennara

Hæfniskröfur:
- Grunnskólakennarapróf,viðbótarmenntun í sérkennslufræðum skilyrði
- Hugmyndaríkur, jákvæður og sveigjanlegur
- Hefur frumkvæði og metnað í starfi og getu til að vinna í hóp
- Hæfni í mannlegum samskiptum og nær vel til barna
- Tilbúinn að takast á við fjölbreyttar áherslur í skólastarfi
- Tilbúinn að vinna eftir fjölbreyttum kennsluaðferðum

Dalvíkurskóli er 260 nemenda grunnskóli. Einkunnarorð skólans eru þekking, færni, virðing og vellíðan. Skólinn leggur áherslu á snemmtæka íhlutun í námi nemenda. Í skólanum er m.a. unnið eftir kennsluaðferðunum Byrjendalæsi, Orð af orði og Töfraheimi stærðfræðinnar (stærðfræðiverkefni tengd reynsluheimi nemenda með áherslu á verklega vinnu). Dalvíkurskóli flaggar Grænfánanum. Í Dalvíkurskóla er lögð áhersla á að starfsfólki líði vel í starfi og þar er jákvæðni höfð að leiðarljósi. Allir skólar í Dalvíkurbyggð eru að innleiða Uppbyggingarstefnuna.

**Umsóknarfrestur er til 12 júní 2013**

Upplýsingar gefur Gísli Bjarnason skólastjóri Dalvíkurskóla gisli@dalvikurbyggd.is símar 4604980 og 8631329. Katrín Fjóla Guðmundsdóttir deildastjóri kata@dalvikurbyggd.is símar 4604980 og 8479810. Friðrik Arnarsson deildastjóri fridrik@dalvikurbyggd.is 4604980 og 8490980.

Dalvíkurbyggð er sveitarfélag við utanverðan Eyjafjörð, um 40 km. norðan við Akureyri. Sveitarfélagið er framsækið og leggur metnað sinn í að veita íbúum góða þjónustu. Þar er blómlegt menningarlíf og fjölbreyttir möguleikar til íþróttaiðkunar og útivistar. Að búa í Dalvíkurbyggð er kjörið fyrir fólk á öllum aldri, barnafjölskyldur, útivistarfólk og þá sem vilja njóta nálægðar við náttúruna. Það er ómetanlegt að geta stigið út úr erli hvunn-dagsins og dregið að sér kraft sjávarins og fjallanna og endurnært þannig sálina.

## Afgreiðsla í apóteki

Lyfjaver ehf óskar eftir starfsmönnum til framtíðar-starfa við afgreiðslu í apóteki. Viðkomandi þarf að hafa góða þjónustulund og hreint sakavottorð. Lágmarksaldur er 20 ár. Reynsla af sambærilegum störfum æskileg. Umsóknir ásamt ferilskrá skulu sendar á netfangið alli@lyfjaver.is fyrir 10. júní n.k

LYFJAVER

LÆKKAÐU LYFJAKOSTNAÐINN

Opið: Virka daga 8.30-18.00 - Laugardaga 10-14
Suðurlandsbraut 22 + Sími 533 6100

## Átt þú heima hjá okkur?

**Hjá Húsaskjóli fasteignasölu starfar samhentur hópur kvenna sem hefur það að leiðarljósi að fara fram úr væntingum viðskiptavina. Við leitum nú að fólki sem vill slást í hópinn og gera gott fyrirtæki enn betra.**

**Ef þú ...**

- Leitar að fjölskylduvænum vinnustað
- Vilt hafa sveigjanleika í starfi
- Vilt fá laun í samræmi við árangur
- Hefur mikla þjónustulund
- Leitast við að fara fram úr væntingum viðskiptavina
- Hefur áhuga á nýjungum og endurmenntun
- Getur unnið undir álagi
- Ert 30 ára eða eldri og hefur bíl til umráða

**... Þá erum við að leita að þér.**

Áhugasamir sendi inn ferilskrá með mynd á asdis@husaskjol.is fyrir 10. Júní 2013.
Öllum umsóknum verður svarað.

P.s. Erum á facebook, kíktu á hvað viðskiptavinir hafa um okkur að segja.

Húsaskjól fasteignasala

Hlíðasmári 2, 201 Kópavogur - sími: 863-0402 - husaskjol@husaskjol.is

Hafrannsóknastofnun

## Umsjónarmaður veiðarfæra og eftirlitsmaður skipa

Hafrannsóknastofnun leitar að starfsmanni til að annast umsjón með veiðarfærum, geymslum og ökutækjum, sjá um ýmis innkaup vegna rannsóknaskipanna og eftirlit með þeim í Reykjavíkurhöfn. Þá annast starfsmaðurinn móttöku sýna og sendingar til útibúa stofnunarinnar

Hæfniskröfur:

- Þekking á veiðarfærum og rekstri skipa
- Lyftarapróf og akstursréttindi
- Almenn tölvukunnátta

Leitað er eftir einstaklingi sem getur unnið sjálfstætt, hefur góða samskipta- og skipulagshæfileika og áhuga á málefnum sjávarútvegsins.
Laun samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og hlutaðeigandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur er til og með 18. júní 2013. Viðkomandi skal hefja störf ekki síðar en 1. september.

Skriflegum umsóknum með ýtarlegum upplýsingum og starfsreynslu, auk nafna tveggja meðmælenda, skal skila til Hafrannsóknastofnunar, Skúlagötu 4, 101 Reykjavík, eða í tölvupósti (hafro@hafro.is). Nánari upplýsingar gefur Sólmundur Már Jónsson, aðstoðarforstjóri.

Hafrannsóknastofnun er stærsta rannsóknastofnun landsins á sviði haf- og fiskirannsókna og gegnir auk þess ráðgjafarhlutverki varðandi skynsamlega nýtingu og verndun auðlinda hafsins. Mikill hluti starfseminnar tengist alþjóðlegu samstarfi við erlendar hafrannsóknastofnanir og háskóla. Stofnunin rekur 5 útibú, tilraunaeldisstöð í eldi sjávarlífvera, tvö rannsóknaskip og hefur að jafnaði um 150 starfsmenn í þjónustu sinni.

*Hafrannsóknastofnun*
*Skúlagötu 4, 101 Reykjavík*
*s: 575 2000*

LYFJA - Lífið heil



## Spennandi tækifæri fyrir lyfjafræðing

Lyfja Selfossi

**Lyfsöluleyfishafi**

Lyfja leitar að metnaðarfullum og sjálfstæðum lyfjafræðingi í stöðu lyfsöluleyfishafa í Lyfju Selfossi.

Í starfinu felst m.a. að bera faglega ábyrgð á rekstri lyfjabúðarinnar, annast daglegan rekstur og umsýslu og sjá til þess að unnið sé samkvæmt lögum og reglugerðum um lyfsöluleyfi.

Í boði er krefjandi og spennandi starf fyrir metnaðarfullan lyfjafræðing, samkeppnishæf laun og skemmtilegur vinnustaður í vaxandi bæjarfélagi.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Hæfniskröfur: Háskólapróf í lyfjafræði og gilt starfsleyfi. Stjórnunarhæfileikar, rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum. Áreiðanleiki, metnaður og skipulögð vinnubrögð.

Umsóknarfrestur er til og með 09. júní.

Í samræmi við jafnréttisáætlun Lyfju hf. hvetjum við karla jafnt sem konur til þess að sækja um störf hjá fyrirtækinu.

Nánari upplýsingar veitir
Hallur Guðjónsson, starfsmannastjóri, í síma 530-3800.
Umsóknir sendist á netfangið hallur@lyfja.is

## Lausar stöður skólastjórnenda og kennara í Fjarðabyggð

### Staða skólastjóra Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar

Leitað er að kraftmiklum og lausnamiðuðum leiðtoga sem er tilbúinn að leiða þróttmikið skólastarf og taka þátt í eflingu skólasamfélagsins í Fjarðabyggð.
Grunnskóli Fáskrúðsfjarðar er 80 nemenda skóli sem skipaður er góðu fagfólki. Skólinn er staðsettur í nýrri Skólamiðstöð á Fáskrúðsfirði en í henni eru einnig leikskóli, tónlistarskóli og bókasafn. Í skólamiðstöðinni ríkir góður starfandi og mikið og gott samstarf milli stofnana.

Sjá nánar um helstu störf, menntun og hæfniskröfur á www.fjardabyggd.is laus störf.
Nánari upplýsingar um skólann er að finna á heimasíðu hans; www.fask.is
Allar frekari upplýsingar veitir Þóroddur Helgason, fræðslustjóri, í síma 860 8331 eða á netfanginu thoroddur.helgason@fjardabyggd.is

### Staða aðstoðarskólastjóra Grunnskóla Reyðarfjarðar

Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem er tilbúinn að taka þátt í að stjórna og leiða gott faglegt starf í skólanum. Skólinn er skipaður góðu fagfólki og þar ríkir jákvæði og góður starfsandi. Við Grunnskóla Reyðarfjarðar stunda 160 nemendur nám. Skólinn er staðsettur er í glæsilegu húsnæði með frábærri aðstöðu.

**Kennarastöður við Grunnskóla Reyðarfjarðar**

Kennsla á unglingastigi þar sem ráðningartími er til eins árs. Einnig dönskukennsla á miðstigi, textílmennt og hönnun og smíði.

Sjá nánar um helstu störf, menntun og hæfniskröfur á www.fjardabyggd.is laus störf
Frekari upplýsingar um skólann er að finna á heimasíðu hans; www.grunnrey.is
Nánari upplýsingar veitir Ásta Ásgeirsdóttir skólastjóri í síma 474-1247/863-1247 eða á netfangið asta@skolar.fjardabyggd.is

**Umsóknir og umsóknarfrestur**

Stöðurnar eru allar lausar frá 1. ágúst 2013. Launakjör eru samkvæmt samningi LN og KÍ.
Umsóknarfrestur er til 7. júní og skulu umsóknir berast rafrænt á fjardabyggd@fjardabyggd.is eða í merktu umslagi á skrifstofu Fjarðabyggðar, Hafnargötu 2, 730 Reyðarfirði.

Umsóknum skal fylgja greinargott yfirlit yfir nám og störf, leyfisbréf til kennslu, upplýsingar um frumkvæði á sviði fræðslumála, ábendingar um meðmælendur sem og almennar upplýsingar um viðkomandi.

Mjóifjörður · Norðfjörður · Eskifjörður · Reyðarfjörður · Fáskrúðsfjörður · Stöðvarfjörður

**NÓATÚN**
*Við gerum meira fyrir þig*

# NÓATÚN ÓSKAR EFTIR KJÖTSTJÓRA



EXPO • www.expo.is

**HELSTU VERKEFNI ERU:**
- Verkstjórn í kjötdeild
- Þjónusta við viðskiptavini
- Kjötvinnsla
- Daglegur rekstur
- Gæðaeftirlit

**HÆFNISKRÖFUR:**
- Menntun eða góð reynsla í kjötiðn eða matreiðslu er skilyrði
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Skipulögð vinnubrögð

**ÁHUGASAMIR VINSAMLEGAST SÆKI UM Á WWW.NOATUN.IS**
Umsóknarfrestur er til 10. júní



Opið til miðnættis alla daga **8-24** **NÓATÚN**

---

## STÖRF HJÁ GARÐABÆ

**Sjálandsskóli**
- Kennari á unglingastigi

**Lundaból**
- Leikskólastjóri

**Hæðarból**
- Leikskólakennari

Nánari upplýsingar á vef Garðabæjar, **www.gardabaer.is**

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

---

MOSFELLSBÆR

## Leikskólinn Hulduberg við Lækjarhlíð og leikskóladeild við Þrastarhöfða í Mosfellsbæ auglýsa lausar stöður

Leikskólinn Hulduberg er sex deilda leikskóli. Þar eru um 140 börn á aldrinum 2-5 ára og er aldursblöndun á öllum deildum. Í haust bætast við tvær nýjar deildir sem verða staðsettar í sérhúsnæði við Þrastarhöfða. Þar verður tekið á móti um 36 tveggja ára börnum. Áherslur í starfi leikskólans er umhverfismennt og að njóta og nýta náttúruleg gæði.

Leikskólinn Hulduberg og leikskólinn Þrastarhöfða eru staðsettir á vestursvæði í Mosfellsbæ alveg við Lágafellsskóla og sundlaug íþróttamiðstöðvar Lágafells.

**Auglýst eru laus eftrfarandi störf:**
- Stöður deildastjóra á Huldubergi og Þrastarhöfða.*
- Stöður leikskólakennara á Huldubergi og Þrastarhöfða.*
- Staða leikskólasérkennara eða þroskaþjálfa á Huldubergi. Um er að ræða 100% stöðu inn á deild.

Hæfniskröfur fyrir ofangreind störf:
- Leikskólakennaramenntun, leikskólasérkennaramenntun/ þroskaþjálfamenntun
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Jákvæðni, metnaður og hæfni til að koma hugmyndum í framkvæmd
- Lausnamiðuð hugsun og færni til að takast á við nýjar og fjölbreyttar áherslur í leikskólastarfi

*Ef ekki berast umsóknir frá leikskólakennurum sem uppfylla hæfniskröfur kemur til greina að ráða leiðbeinanda í stöðurnar.

**Einnig eru laus eftirfarandi störf:**
- Staða aðstoðarmanns í eldhús á Huldubergi. Um 100% starf er að ræða.
- Stöður starfsfólks á deildum.

Hæfniskröfur fyrir ofangreind störf:
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Jákvæðni og samviskusemi
- Áhugi á að vinna með börnum

Laun eru greidd í samræmi við kjarasamning Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélaga.

**Umsóknarfrestur er til 10. júní 2013.**
Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og/eða fyrri störf skulu berast á netfangið hulduberg@mos.is.

Upplýsingar um leikskólann má finna á heimasíðu skólans www.hulduberg.is.

Nánari upplýsingar veitir leikskólastjóri Þuríður Stefánsdóttir og aðstoðarleikskólastjóri Guðrún Viktorsdóttir í síma 5868170 og 8670727.

Fólk af báðum kynjum er hvatt til að sækja um störfin.

---

www.haskolabru.is

## VILTU STARFA Í SKAPANDI UMHVERFI?

Keilir óskar eftir að ráða kennara í stærðfræði í staðnámi Háskólabrúar á Ásbrú í Reykjanesbæ. Umsækjendur skulu hafa kennsluréttindi á framhaldsskólastigi. Hjá Keili er lögð áhersla á speglaða kennslu og framsækna kennsluhætti.

Umsóknarfrestur er til 15. júní næstkomandi.

**Áhugasamir hafi samband við Ingu Sveinu á netfangið: inga@keilir.net eða í síma 578 4000.**

Keilir
Miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs

KEILIR // ÁSBRÚ // 578 4000 // keilir.net

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

## Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar Lausar stöður í grunnskólum skólaárið 2013 - 2014

**Áslandsskóli** (585 4600 leifur@aslandsskoli.is)
- Íþróttakennsla
- Íslenska á unglingastigi

**Hraunvallaskóli** (590 2800 lars@hraunvallaskoli.is)
- Almenn kennsla á yngsta stigi (byrjendalæsi kostur)

**Setbergsskóli**
- Sérkennsla (100%)
- Kennari með upplýsingatækni sem sérsvið
- Skólaliði
- Skólaliði í íþróttahús (baðvarsla)

**Víðistaðaskóli** (595 5800 sigurdur@vidistadaskoli.is)
- Almenn kennsla á yngsta stigi
- Þroskaþjálfi (afleysing í eitt ár)

**Öldutúnsskóli**
(555 1546 (erla.gudjonsdottir@oldutunsskoli.is)
- Stærðfræði- og náttúrufræðikennsla á unglingastigi
- Tölvuumsjón

Allar upplýsingar veita skólastjórar og aðstoðarskólastjórar viðkomandi skóla. Sjá einnig heimasíður skólanna.
Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um störfin.

**Umsóknarfrestur er til og með 10. júní 2013.**

Fræðslustjórinn í Hafnarfirði

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

## Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar Lausar stöður í leikskóla

**Álfaberg** (555 3021 alfaberg@hafnarfjordur.is)
- Leikskólakennari

**Álfasteinn** (555 6155 alfasteinn@hafnarfjordur.is)
- Matreiðslumeistari
- Leikskólakennari
- Þroskaþjálfi

**Brekkuhvammur**
(565 4493/555 0198 brekkuhvammur@hafnarfjordur.is)
- Leikskólakennari

**Hlíðarendi** (555 1440 hlidarendi@hafnarfjordur.is)
- Deildarstjóri (á deild barna frá 18 mánaða til þriggja ára)
- Leikskólakennarar

**Hraunvallaskóli** (590 2800 sigrunk@hraunvallaskoli.is)
- Sérkennslustjóri
- Leikskólakennarar og þroskaþjálfi

**Hvammur** (565 0499 hvammur@hafnarfjordur.is)
- Leikskólakennarar

**Norðurberg** (555 3484 nordurberg@hafnarfjordur.is)
- Þrjár stöður þroskaþjálfa

til að sinna kennslu og halda utan um börn á einhverfurófi.

**Stekkjarás** (517 5920 stekkjaras@hafnarfjordur.is)
- Leikskólakennarar
- Deildarstjóri

**Vesturkot** (565 0220 vesturkot@hafnarfjordur.is)
- Leikskólakennari
- Þroskaþjálfi

til að sinna kennslu og halda utan um börn á einhverfurófi

Allar upplýsingar veita leikskólastjórar viðkomandi skóla.
Umsækjendum er bent á heimasíður skólanna til að kynna sér stefnur og starfsemina nánar.
Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um störfin.

**Umsóknarfrestur er til 10. júní 2013.**

Fræðslustjórinn í Hafnarfirði

## HJARTAVERND

Hjartavernd leitar að einstaklingi til að starfa við rannsóknir á mannerfðafræði flókinna sjúkdóma. Starfið felur í sér úrvinnslu erfðagagna úr stórum gagnabanka Hjartaverndar.

**Hæfniskröfur:**
Framhaldsmenntun á viðeigandi sviði, t.d. tölfræði, erfðafræði, stærðfræði eða tölvunarfræði og reynsla í líftölfræðilegri úrvinnslu stórra gagnabanka. Reynsla í notkun tölfræðiforrita (t.d. R, S-plus, SAS) er nauðsynleg, og færni í einu eða fleiri forritunarmáli/forritun. Reynsla í líftölfræðilegri úrvinnslu stórra gagnabanka er æskileg.

Umsjón með ráðningu hefur Valur Emilsson í valur@hjarta.is eða 595 1855

**Umsóknarfrestur er til og með 18. júní 2013.**

Umsóknum skal skilað til Hjartaverndar, Holtasmára 1, 201 Kópavogi merkt Mannerfðafræði eða á netfangið atvinna@hjarta.is

## NETPARTNER

NetPartner er fyrirtæki sem hefur sérhæft sig í öruggum netlausnum fyrir miðlungs til stór fyrirtæki og stofnanir.
Hjá okkur eru lausar tvær stöður.

**Netsérfræðingur og forritari:**
Starfið snýr að því að þróa áfram netstjórnunarbúnað NetPartner og styðja erlenda samstarfsaðila í uppsetningu og notkun hugbúnaðarins.
Forritunarkunnátta og góður skilningur á netkerfum er krafa ásamt góðri ensku kunnáttu.

**Netsérfræðingur og öryggisráðgjafi:**
Staðan snýr að því að vinna með öryggislausnir NetPartner sem snúa að uppsetningum á netgáttum (eldveggjum) og netkerfum með ríka áherslu á uppfyllingu staðla og öryggis. Uppsetningar á eftirlitsbúnaði og öryggislausnum NetPartner sem snúa að stjórnun snjalltækja ásamt dulkóðun gagna og tölvusamskipta.

Báðar stöðurnar krefjast góðra samskipta- og skipulagseiginleika, jákvæðni og þjónustulund með sterka tæknilega kunnáttu sem bakland.

Allar fyrirspurnir skulu sendast á work@npi.is ásamt umsóknum sem ber að merkja sem “Umsókn - Þitt nafn”. Aðeins skal senda CV, við óskum eftir frekari gögnum þar sem það á við.
Öllum umsóknum verður svarað.

www.netpartner.is

sarpur
MENNINGARSÖGULEGT GAGNASAFN

# Fagstjóri

## Rekstrarfélag Sarps auglýsir laust starf fagstjóra Sarps

Rekstrarfélag Sarps rekur Sarp sem er menningarsögulegur gagnagrunnur og veflægt skráningarkerfi.
Helstu eignaraðilar Rekstrarfélagsins eru ýmis söfn og stofnanir í eigu ríkis og/eða sveitarfélaga.
Félagið leitar að öflugum sérfræðingi í fjölbreytt og krefjandi starf.

**Helstu verkefni starfsmanns:**
Ábyrgð á kerfisþróun og viðhaldi skráningarkerfisins Sarps.
Verkefnastjórnun.
Ábyrgð á ytri vef Sarps www.sarpur.is, þróun og viðhald hans.
Umsjón með gagnasafninu, uppbyggingu og viðhald grunntaflna, gæðaeftirlit með skráningum.
Samskipti við þjónustuaðila vegna þróunar kerfis og hýsingar gagnasafns.
Samskipti við notendur, kennsla og notendaþjónusta.
Kynning á Sarpi, öflun nýrra notenda.
Samskipti við samstarfsaðila innanlands og utan.

**Hæfniskröfur:**
Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
Þekking á safnastarfi og skráningarmálum safna nauðsynleg.
Menntun eða reynsla tengd skráningarkerfum og upplýsingatækni (t.d. gagnasafnsfræði) æskileg.
Frumkvæði og sjálfstæði í starfi og ögúð vinnubrögð.
Reynsla af verkefnastjórnun æskileg.
Góð almenn tölvukunnátta nauðsynleg.
Góð hæfni í mannlegum samskiptum nauðsynleg.
Þjónustulund nauðsynleg.
Reynsla af markaðs- og kynningarmálum er kostur.
Góð íslenskukunnátta og færni til að tjá sig í ræðu og riti.
Tungumálakunnátta nauðsynleg, góð færni í ensku.
**Um 100% starf er að ræða frá 1. september 2013.**

Starfsstöð starfsmanns er hjá Landskerfi bókasafna hf., Katrínartúni 2, Reykjavík á grundvelli þjónustusamnings Landskerfis bókasafna og Rekstrarfélags Sarps. Umsóknarfrestur er til og með 21. júní. Nánari upplýsingar veitir Guðný Gerður Gunnarsdóttir, formaður stjórnar Rekstrarfélags Sarps, í síma 411-6307 og netfangið: gudny.gerdur.gunnarsdottir@reykjavik.is.
Umsókn með ferilskrá, afritum prófskírteina og meðmælum eða upplýsingum um meðmælendur berist til formanns stjórnar RS, á netfangið: gudny.gerdur.gunnarsdottir@reykjavik.is.

# Vanir smiðir óskast strax!

**Góð laun í boði**



**ÞG-Verk vill ráða til starfa vana smiði.**
**Spennandi verkefnastaða og mikil vinna framundan.**

Áhugasamir fylli út umsóknir á **www.tgverk.is/starfsmenn**
Upplýsingar líka veittar í síma 534-8400 á skrifstofutíma.

Fossaleyni 16
112 Reykjavík
Sími 534 8400
**www.tgverk.is**

*Fasteignir og framkvæmdir fyrir kröfuharða*

ÞG-VERK

# Ert þú Pennavinur?

Við óskum eftir **sölufulltrúa í fyrirtækjaþjónustu**

**Starfssvið:**
- Heimsóknir til viðskiptavina og viðhald á viðskiptatengslum
- Öflun nýrra viðskiptavina
- Vinnsla tilboða og eftirfylgni
- Samningagerð og viðhald þeirra
- Stofnun og viðhald á tengiliðaskrá
- Önnur tilfallandi verkefni

**Hæfniskröfur:**
- Reynsla af sölumennsku
- Rík þjónustulund, sjálfstæði og sveigjanleiki
- Jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Góð almenn tölvukunnátta, reynsla á Navision er kostur
- Bílpróf

Viðkomandi þarf að geta hafið störf í júlí.

Áhugasamir vinsamlegast sendið fyrirspurnir og umsóknir á hildurh@penninn.is fyrir 10. júní n.k.

Penninn Grenásvegi 11 | sími 540 2000 | www.penninn.is | penninn@penninn.is

# LOOKING FOR A CHALLENGE IN NORWAY?

We are seeking experienced engineers:

**MECHANICAL DESIGN ENGINEERS**
For rotating equipment using Autodesk Inventor

**STRUCTURAL STEEL CALCULATIONS**
Using ANSYS, STAADPro and Matchcad

**ELECTRO, INSTRUMENT & AUTOMATION**
Using Siemens PLC S7 or ABB 800xA, CAD in PDMS

**HYDRAULIC / PIPING ENGINEERS**
Experienced w/ AutoCAD Plant 3D or PDMS

We prefer candidates w/ min. 3 years experience from the Offshore or Process (refineries, factories etc.) Industry w/ knowledge of ASME/ AISC/ API/ ISO/ EN/ BS etc.

If you wish to apply, send your English CV to :
**CVIceland@engineeringsupply.no**

engineering supply

**WWW.ENGINEERINGSUPPLY.NO**

# Sunnuhlíð
Hjúkrunarheimili aldraðra í Kópavogi

## Hjúkrunardeildarstjóri

Sunnuhlíð hjúkrunarheimili óskar eftir að ráða deildarstjóra á hjúkrunardeild. Deildin skiptist niður í þrjár einingar og er ein einingin sérstaklega fyrir minnissjúka.
Á deildinni er einn deildarstjóri og tveir aðstoðardeildarstjórar. Gerð er krafa um viðurkennt hjúkrunarpróf og leyfi frá Embætti Landlæknis til að stunda hjúkrun. Nám í stjórnun og/eða öldrunarhjúkrun er æskilegt sem og starfsreynsla í hjúkrun. Starfið veitist á bilinu 1. júlí – 1. september.

**Upplýsingar um starfið veita:**
Dagmar Huld Matthíasdóttir, hjúkrunarforstjóri
Sími 560-4163, dagmar@sunnuhlid.is og
Hanna Lára Gylfadóttir, deildarstjóri
Sími 560-4161, hanna@sunnuhlid.is

# Vanir kranamenn óskast strax!

## Góð laun í boði



**ÞG-Verk vill ráða til starfa vana kranamenn.**
**Spennandi verkefnastaða og mikil vinna framundan.**

Áhugasamir fylli út umsóknir á **www.tgverk.is/starfsmenn**
Upplýsingar líka veittar í síma 534-8400 á skrifstofutíma.

Fossaleyni 16
112 Reykjavík
Sími 534 8400
**www.tgverk.is**

*Fasteignir og framkvæmdir fyrir kröfuharða*

ÞG-VERK

# FAAS

FAAS óskar eftir fólki til starfa við dagþjálfanir félagsins, Fríðuhús í Reykjavík, Drafnarhús í Hafnarfirði og Maríuhús í Reykjavík. Bæði er um að ræða sumarafleysingar og starf til frambúðar.

Starfið felst í þjálfun og umönnun einstaklinga með heilabilun, þar sem áhersla er lögð á góða samvinnu og fagmennsku. Í störfum okkar er umhyggja og virðing fyrir einstaklingnum og fjölskyldum þeirra höfð að leiðarljósi.

Við leitum að skapandi starfsmanni til að taka þátt í fjölbreyttu og gleðiríku starfi.

Umsækjendur þyrftu að geta hafið störf sem fyrst og/eða með haustinu. Reynsla af sambærilegu starfi er æskileg, en ekki skilyrði. Laun samkvæmt kjarasamningi Eflingar/Hlífar

**Nánari upplýsingar gefa forstöðumenn dagþjálfana FAAS:**
Sigríður Lóa Rúnarsdóttir í Fríðuhúsi, loa@alzheimer.is, sími 533 1084
Erla Einarsdóttir í Drafnarhúsi, erla@alzheimer.is, sími 534 1080
Ólína K. Jónsdóttir í Maríuhúsi, olina@alzheimer.is, sími 534 7100.

Capacent Ráðningar

# VIÐ VILJUM GOTT FÓLK!

**Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra.**
**Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar, www.capacent.is**

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

# SAMORKA
Samtök orku- og veitufyrirtækja

## Framkvæmdastjóri veitusviðs

Samorka auglýsir laust til umsóknar starf framkvæmdastjóra hita-, vatns- og fráveitusviðs á skrifstofu samtakanna.

**Helstu verkefni:**
- Umsjón með starfi fagráða umræddra veitusviða o.fl. hópa á vegum samtakanna
- Umsjón með vinnslu handbóka og tæknilegra tengiskilmála
- Skipulagning og umsjón með framkvæmd námskeiða og funda
- Þátttaka í mótun stefnu um starfsumhverfi veitnanna og í samskiptum við ráðuneyti og opinberar stofnanir

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Tæknimenntun á sviði bygginga eða véla og/eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Góð almenn tölvufærni
- Góð íslensku- og enskukunnátta, Norðurlandamál einnig kostur
- Frumkvæði, metnaður og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Færni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Starfsreynsla hjá veitufyrirtæki er mikill kostur

Umsóknir skulu sendar til framkvæmdastjóra, Gústafs Adolfs Skúlasonar (gustaf@samorka.is), sem einnig veitir upplýsingar um starfið.
**Umsóknarfrestur er til 14. júní nk.**, en gert er ráð fyrir að nýr starfsmaður hefji störf mánudaginn 2. september.

**Samorka – www.samorka.is – Sími 588 4430**

# Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi

# www.hagvangur.is

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

Fisktækniskóli Íslands
Icelandic College of Fisheries
Síma 412-5966 eða á www.fiskt.is

Vilt þú ganga til liðs við okkur?

Þar sem einn úr kennarahópnum er farinn á þing leitum að nýjum samstarfsmanni.

Við leitum að fjölhæfum starfsmanni sem getur kennt skipstjórn smáskipa og/eða vélavörslu ásamt því að vinna að ýmsum þróunarverkefnum.
***Æskilegt er að umsækjandi hafi reynslu af kennslu og úr sjávarútvegi.***

Fisktækniskóli Íslands er lítill vaxandi skóli á sviði sjávarútvegs þar sem lagt er mikið upp úr hagnýtu starfsnámi í miklu samstarfi við fyrirtæki í greininni.

Nánari upplýsingar veitir Ólafur Jón olijon@fiskt.is

Umsóknarfrestur til 15 júní 2013

**Vísir hf óskar eftir að ráða Vélarvörð til afleysingar á Fjölnir SU 57.**

Fjölnir er línuveiðiskip með beitningarvél. Nánari upplýsingar eru gefnar í síma 896-2825 eða á heimasíðu Vísis **www.visirhf.is.**

VÍSIR

PARKET VERKSMIÐJAN

**Parketverslun óskar eftir starfskrafti í sumar.**

Starfið felst í afgreiðslu (sölumennsku) afgreiða af lager og fleira. Starfskrafturinn þarf að vera stundvís, þjónustulundaður, glaðlyndur, jákvæður og geta unnið sjálfstætt og vera reyklaus. Vinnutími er frá kl. 12.00 til 18.00.
Umsóknir sendist á aevar@parketverksmidjan.is.

HRAFNAGILSSKÓLI

## Grunnskólakennari

Óskum eftir að ráða grunnskólakennara að Hrafnagilsskóla frá og með 1. ágúst. Um er að ræða umsjónarkennarastöðu á miðstigi og kennslu í sérdeild.

**Leitað er eftir kennara sem:**

- Lagar kennslu- og starfshætti markvisst að þörfum nemenda.
- Sýnir metnað fyrir hönd nemenda.
- Vinnur í teymi með kennurum og öðru fagfólki.
- Sýnir árangur í starfi.
- Er fær og lipur í samskiptum.
- Býr yfir frumkvæði og skipulagsfærni og sýnir sjálfstæði í vinnubrögðum.

**Umsóknarfrestur er til 14. júní 2013.**

## Skólaliði og stuðningsfulltrúar

Fyrir næsta skólaár er laust til umsóknar starf skólaliða og tvær stöður stuðningsfulltrúa í Hrafnagilsskóla. Um er að ræða 60 – 70% stöður.

**Ráðið er í stöðurnar frá 19. ágúst 2013.**

**Umsóknarfrestur er til 10. júní 2013.**

Nánari upplýsingar veitir Hrund Hlöðversdóttir skólastjóri í síma 464-8100, 699-4209 eða á netfangið, hrund@krummi.is.
Heimasíða Hrafnagilsskóla er www.krummi.is

# Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| Skjalavörður | Þjóðskjalasafn Íslands | Reykjavík | 201305/126 |
| Ritari | Mennta- og menningarmálaráðun. | Reykjavík | 201305/125 |
| Kennarar | Framhaldssk. í Vestmannaeyjum | Vestm.eyjar | 201305/038 |
| Yfirlæknir, heilsugæslulæknir | Heilbrigðisstofnun Vesturlands | Akranes | 201305/124 |
| Lögreglumenn | Lögreglustjórinn á höfuðborgarsv. | Höfuðborgarsv. | 201305/123 |
| Umsjónarmaður dreifnáms | Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra | Sauðárkrókur | 201305/122 |
| Umsjónar- og eftirlitsmaður | Hafrannsóknastofnun | Reykjavík | 201305/121 |
| Lektor í hagfræði | Háskólinn á Akureyri | Akureyri | 201305/120 |
| Lektor, dósent í hagfræði | Háskólinn á Akureyri | Akureyri | 201305/119 |
| Sérfr. í fæðinga- og kvensjúkd.lækn. | Sjúkrahúsið á Akureyri | Akureyri | 201305/118 |
| Sjúkraþjálfari | Sjúkrahúsið á Akureyri, Kristnessp. | Akureyri | 201305/117 |
| Táknmálstúlkur | HÍ, náms- og starfsráðgjöf | Reykjavík | 201305/116 |
| Gæðastjóri | HÍ, verkfræði- og náttúruvísindasvið | Reykjavík | 201305/115 |
| Lífeindafræðingur, náttúrufræðingur | HÍ, Keldur | Reykjavík | 201305/114 |
| Lögreglumenn | Lögreglustjórinn á Snæfellsnesi | Ólafsvík | 201305/113 |
| Tímavinna | Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins | Selfoss | 201305/112 |
| Heilbrigðisritari, skrifstofumaður | Landspítali, félagsráðgjöf | Reykjavík | 201305/111 |
| Hjúkrunarfræðingur | Landspítali, gjörgæsla H | Reykjavík | 201305/110 |
| Hjúkrunarfræðingur, ICEBIO | Landspítali, gigtlækningar | Reykjavík | 201305/109 |
| Deildarlæknir í st.námi., endurm. | Landspítali, öldrunarlækningar | Reykjavík | 201305/108 |
| Sérkennari | Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ | Mosfellsbær | 201305/107 |
| Hjúkrunarfræðingur | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Djúpivogur | 201305/106 |
| Prestur | Biskup Íslands | Seyðisfjörður | 201305/105 |
| Mælingamaður | Vegagerðin | Reyðarfjörður | 201305/104 |
| Aðstoðardeildarstjóri | Heilbrigðisstofnun Suðurlands | Selfoss | 201305/103 |
| Spendýrafræðingur | Náttúrufræðistofnun Íslands | Garðabær | 201305/102 |
| Starfsfólk | Menntaskólinn í Reykjavík | Reykjavík | 201305/101 |
| Sumarstarf | Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins | Siglufjörður | 201305/100 |
| Dómritari | Héraðsdómur Reykjvíkur | Reykjavík | 201305/099 |
| Móttökuritari | Héraðsdómur Reykjvíkur | Reykjavík | 201305/098 |
| Starfsþjálfun | Þróunarsamvinnustofnun Íslands | Mal., Mós., Úg. | 201305/097 |

# Ísafoldarprentsmiðju vantar prentara í vaktavinnu

Okkur vantar sem fyrst faglærðan prentara til starfa við dagblaðaprentun. Kvöld- og næturvaktir.
Nánari upplýsingar gefur Halldór Jakobsson verkstjóri í prentsal.
Netfang: halldor@isafold.is, GSM sími 664 0302.

Ísafoldarprentsmiðja er elsta prentsmiðja landsins, stofnuð 1877. Í dag starfa 60 starfsmenn hjá fyrirtækinu.
Miklar fjárfestingar í vélum, tækjum og öðrum búnaði hafa átt sér stað síðustu árin og er prentsmiðjan í 7000m$^2$ húsnæði.
Hjá Ísafoldarprentsmiðju er unnið að mjög fjölbreyttum verkefnum, bæði á sviði rúlluprentunar og arkaprentunar.
Hjá okkur er m.a. Fréttablaðið prentað, ásamt fjölda annarra verkefna.

ÍSAFOLDAR PRENTSMIÐJA

Suðurhraun 1 | 210 Garðabæ | Sími: 59 50 300 | Fax: 59 50 310 | isafold@isafold.is | www.isafold.is



## Spennandi störf hjá Kópavogsbæ

- Kársnesskóli óskar eftir **sérkennara**
- Leikskólinn Álfatún óskar eftir **leikskólakennara**
- Leikskólinn Núpur óskar eftir **deildarstjóra**
- Leikskólinn Sólhvörf óskar eftir **deildarstjóra**
- Leikskólinn Sólhvörf óskar eftir **leikskólakennara**
- Leikskólinn Urðarhóll óskar eftir **deildarstjóra**
- Salurinn – Tónlistarhús Kópavogs óskar eftir **móttökuritara**

Fleiri störf og nánari upplýsingar er að finna á vef Kópavogsbæjar

**Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á vef Kópavogsbæjar www.kopavogur.is**

Kópavogsbær

kopavogur.is

## DAGFORELDRAR ÓSKAST

Dagforeldra vantar til starfa í Garðabæ. Starf sem dagforeldri í heimahúsum felur í sér spennandi og krefjandi verkefni með ungum börnum. Dagforeldrar starfa sem sjálfstæðir verktakar, en starfsleyfi og eftirlit er í höndum Garðabæjar.

Til að gerast dagforeldri þarf viðkomandi að hafa ríka ábyrgðartilfinningu og geta veitt börnum góða umönnun, öryggi og hlýju.

Dagforeldrar sækja grunnnámskeið fyrir dagforeldra og taka þátt í skyndihjálparnámskeiðum og öðrum námskeiðum og fræðslu sem boðið er upp á hverju sinni.

Garðabær greiðir eingreiðslu til dagforeldra við leyfisveitingu til þess að bæta aðstöðu á heimilum þeirra með tilliti til þarfa og öryggis þeirra barna sem þeir vista.

Gerður er þjónustusamningur milli Garðabæjar, dagforeldris og foreldra um vistun hvers barns.

Starf sem dagforeldri í heimahúsum felur í sér spennandi og krefjandi verkefni með börnum. Garðabær býður upp á gott starfsumhverfi fyrir dagforeldra. Greitt er fyrir grunnnámskeið, dagforeldrum er veittur frír aðgangur að leikfangasafni og geta m.a. fengið þar lánaðar fjölbura-kerrur og matarstóla.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Anna Magnea Hreinsdóttir daggæslufulltrúi, netfang annah@gardabaer.is eða í síma 525 8542.

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

## Salurinn óskar eftir móttökuritara

**Salurinn – Tónlistarhús Kópavogs auglýsir eftir móttökuritara sem hefur umsjón með miðasölu og veitingum.**

Um er að ræða fjölbreytt starf á fámennum vinnustað. Skiptist starfið þannig að um starf ritara og símsvörun er að ræða fyrri part dags og viðveru í miðasölu seinni partinn. Starfsmaðurinn sér jafnframt um innkaup á bar og umsjón með veitingum vegna ráðstefna og funda.

**Ráðningartími og starfshlutfall**

Viðkomandi þarf að geta hafið störf 6. ágúst 2013. Starfshlutfall er 100%

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Góð tölvukunnátta (excel, word etc.)
- Góð íslensku og ensku kunnátta.
- Sjálfstæði, ögun og skipulag í vinnubrögðum.
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi.

**Frekari upplýsingar**

Starfskjör samkvæmt VR-samningum.
**Umsóknarfrestur er til og með 17. júní 2013.**

Upplýsingar gefur Aino Freyja, forstöðumaður, í síma 5700 405 og Arna Schram, upplýsingafulltrúi, í síma 570 1500 á milli kl. 10-12 virka daga. Einnig má senda fyrirspurn á **aino@salurinn.is** eða **arnaschram@kopavogur.is**

**Eingöngu er hægt að sækja um starfið rafrænt á vef Kópavogsbæjar www.kopavogur.is**

Kópavogsbær

kopavogur.is



Sveitarfélagið ÁRBORG

## Sunnulækjarskóli

### ÞROSKAÞJÁLFI
### Við Sunnulækjarskóla á Selfossi vantar þroskaþjálfa til starfa skólaárið 2013 -14

Umsækjandi þarf að hafa menntun á sviði þroskaþjálfa, góða skipulagshæfileika og mikla hæfni í mannlegum samskiptum. Reynsla af teymisvinnu og áhugi á þróunarstarfi eru mikilvægir eiginleikar. Í skólanum er lögð áhersla á sveigjanlega og fjölbreytta kennsluhætti, einstaklingsmiðað nám, teymisvinnu kennara, ábyrgð nemenda og góða samvinnu allra sem að skólastarfinu koma. Nánari upplýsingar má finna á vefsíðu skólans: http://www.sunnulaekjarskoli.is

**UMSÓKNARFRESTUR ER TIL 11. JÚNÍ 2013.**

Umsókn með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðilum sendist Birgi Edwald, skólastjóra, birgir@sunnulaek.is eða Sunnulækjarskóli, Norðurhólum 1, 800 Selfoss.

***Skólastjóri***

BKR Bandalag kvenna í Reykjavík

## Námsstyrkir

Bandalag kvenna í Reykjavík auglýsir eftir umsóknum um styrki til Starfsmenntunarsjóðs ungra kvenna fyrir skólaárið 2013-2014.

Tilgangur sjóðsins er að hvetja og styðja við bakið á ungum konum í Reykjavík, sem ekki eiga kost á námslánum, til að afla sér aukinnar menntunar.

Umsóknareyðublað, úthlutunarreglur og allar nánari upplýsingar má nálgast á vef Bandalags kvenna í Reykjavík, www.bkr.is

Einnig má nálgast umsóknareyðublöð í versluninni Thorvaldsensbasarinn, Austurstræti 4, alla virka daga milli kl. 14:00 og 18:00.

Fyrirspurnir og upplýsingar má senda á netfang bandalagsins: bandalagkvennarvk@gmail.com

Umsóknir um styrki skal senda til Bandalags kvenna í Reykjavík, Túngötu 14, 101 Reykjavík, merktar „Námsstyrkir".
**Umsóknarfrestur er til 19. júní næstkomandi.**

## Breyting á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 Stóra-Brákarey – iðnaðarlóð

Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti þann 18. apríl 2013 að auglýsa tillögu að óverulegri breytingu á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin tekur til iðnaðarlóðar í Stóru-Brákarey.
Í gildandi aðalskipulagi er svæðið skilgreint sem íbúðarsvæði. Greinargerð með rökstuðningi er á uppdrætti dags. 22.04.2013 í mkv. 1:10000.

Breytingin hefur verið send Skipulagsstofnun til staðfestingar. Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til skipulagsfulltrúa Borgarbyggðar.

F.h. Borgarbyggðar

Jökull Helgason, skipulagsfulltrúi

**Sveitarfélagið Ölfus**

## Reykjadalur í Ölfusi, Kynning á deiliskipulagi fyrir úrbætur og lagfæringar á Reykjadal í Ölfusi.

Unnin hefur verið skipulagslýsing og deiliskipulag fyrir endurbætur á Reykjadal, lagfæringar á göngustígum og bæta aðstöðuna við baðlækinn. Á síðasta ári var hafin vinna við gerð deiliskipulagsins. Skipulagslýsing fyrir deiliskipulagið hefur verið send út til umsagnar og umsagnir liggja fyrir. **Deiliskipulagið verður lagt fram til kynningar á opnum fundi í LBHÍ að Reykjum Ölfusi, mánudaginn 10. júní 2013, kl. 17.**

Mikil umferð er um Reykjadalinn og hefur hún aukist margfalt síðustu árin. Koma þarf gönguleiðinni í einn farveg og loka öðrum leiðum og einnig að verja gróðurinn í dalnum vegna átroðnings göngufólks, hrossa og reiðhjóla. Við baðlækinn er grasbalinn mikið skemmdur og verður að grípa til góðra ráða til að varna meiri skemmdum. Leiðbeininga- og upplýsingaskilti þarf að setja upp við upphaf gönguleiða að dalnum og einnig á gönguleiðinni sjálfri. Mikilvægt er að þeir sem eru að njóta útivistar í dalnum mæti á fundinn, fræðist um fyrirhugaðar aðgerðir og bendi á góðar lausnir til að bæta það sem þegar er orðið skemmt.

Til fundarins boða LBHÍ að Reykjum, sem eigandi landsins, Sveitarfélagið Ölfus, Hveragerðisbær og Eldhestar ehf.

# Útboð á laxveiði í Flekkudalsá

Veiðifélag Fellsstrandar leitar tilboða í lax- og silungsveiði á starfssvæði félagsins fyrir árin 2014, 2015 og 2016, samkvæmt fyrirliggjandi útboðsskilmálum og upplýsingum.

Um er að ræða Flekkudalsá, Tunguá og Kjarlaksstaðaá á Fellsströnd í Dalasýslu, í fögru umhverfi, um 200 km fjarlægð frá Reykjavík. Veitt er á þrjár stangir í 72 daga á tímabilinu 1. júlí til 10. september. Eingöngu hefur verið veitt á flugu.

Útboðsgögn má nálgast hjá Landssambandi veiðifélaga og skrifstofu Bændasamtaka Íslands, Bændahöllinni v/Hagatorg í Reykjavík, sími 563-0308. Áskilið er að tilboðum sé skilað á tilboðsformi sem fylgir útboðsgögnum.

Tilboðum skal skilað til formanns veiðifélagsins, Sveins Gestssonar, Staðarfelli, 371 Búðardal. Frestur til að skila tilboði rennur út mánudaginn 1. júlí 2013, kl. 12:00.

Tilboðin verða opnuð laugardaginn 6. júlí, kl. 14:00, í Félagsheimilinu Staðarfelli á Fellsströnd, í viðurvist þeirra bjóðenda sem þess óska

**Stjórn Veiðifélags Fellsstrandar**

---

Sveitarfélagið Ölfus

## Sveitarfélagið Ölfus auglýsir eftir áhugasömum verktökum í endurgerð lóðar.

Auglýst er eftir áhugasömum verktökum í vinnu við endurgerð lóðar við leikskólann Bergheima í Þorlákshöfn.Verið er að reisa viðbyggingu við skólann, áætlað er að endurgera og stækka lóð.

**Kröfur um val á verktaka eru þessar:**

1. Hafa áður unnið við skólalóðir þar sem mikil krafa er gerð til vandvirkni. Leggja skal með upplýsingar um áður unnin verk.
2. Að skrúðgarðyrkjumeistari stýri verkinu.
3. Að verktakinn hafi vélar og tæki til að vinna innan lóðar.
4. Geti unnið verkið frá 10. júlí til 15. ágúst 2013. Á þessum tíma er sumarfrí í leikskólanum. Einstakir verkþættir gætu unnist yfir lengri tíma í samráði við við leikskólastjóra.

**Helstu verkþættir:**

8.1 Aðstaða og jarðvinna. Gröftur og brottakstur á efni, tilflutningur á efni innan lóðar, grúsarfyllingar, upptaka á yfirborðsefnum og förgun.

8.2 Mannvirki á lóð. Girðingar 105m, leikfangageymslur, bekkir og borð.

8.3 Lagnir. Jarðvinna vegna lagna, gröftur og fylling og lagningu á lögnum, fráveitu og snjóbræðslu.

8.4 Rafkerfi. Jarðvinna vegna raflagna, fleygun á skurðum, taka upp eldri strengi, leggja nýja, ídráttarrör, jarðstrengir, ljósastólpar, tenging á búnaði.

8.5 Yfirborðsfrágangur: Hellulagnir um 700 m 2, malbik um 210 m2 og timburpallar 80 m²

8.6 Gras og gróðursvæði. Gróðursetning, gerð gróðurbeða 450 m2, og þökulagning um 1100 m2.

8.7. Uppsetning á búnaði.

Áhugasamir verktakar sendi inn upplýsingar um sig og fyrirtækið fyrir 10. júní 2013, á netfangið sigurdur@olfus.is eða Sveitarfélagið Ölfus, merkt „Bergheimar-lóð“, Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn. Óski bjóðendur eftir frekari upplýsingum vinsamlegast hafið með tölvupósti sigurdur@olfus.is eða í síma 480 3800, Sigurður.

Þeir sem valdir eru til að bjóða í verkið fá afhend ítarleg gögn um verkið.

**Sveitarfélagið Ölfus**

---

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Klettaskóli
- menntun fyrir lífið

## Umsókn um skólavist í þátttökubekk

**Í ágúst nk. tekur til starfa fyrsti þátttökubekkur Klettaskóla og verður hann staðsettur í Árbæjarskóla.**

Þátttökubekkur er sérhæft námsúrræði undir stjórn Klettaskóla en með aðsetur í Árbæjarskóla. Nemendur njóta faglegrar þjónustu og þekkingar sérskólans en taka jafnframt þátt í starfi og samfélagi Árbæjarskóla eftir því sem tilefni gefst til.
Á fyrsta starfsári verða teknir inn allt að 6 nemendur á miðstigi, sem fæddir eru 2001, 2002 og 2003. Um inntöku í þátttökubekk gilda sömu reglur um innritun og í Klettaskóla. Sótt er um rafrænt á heimasíðu Klettaskóla, klettaskoli.is

**Umsóknarfrestur er til og með 14. júní nk.**
Nánar upplýsingar veitir Erla Gunnarsdóttir, skólastjóri Klettaskóla, í síma 411 79 50 netfang: erla.gunnarsdottir@reykjavik.is

**Klettaskóli er einn af grunnskólum Reykjavíkur og er sérskóli fyrir nemendur með þroskahömlun.**
**Skólinn þjónar öllu landinu og er fyrir nemendur með:**
- miðlungs, alvarlega og djúpa þroskahömlun, með eða án viðbótarfatlana.
- væga þroskahömlun og skilgreinda viðbótarfötlun/fatlanir, s.s. einhverfu, blindu, heyrnarleysi og alvarlega hreyfihömlun.

---

Umhverfissvið.
Skipulags- og byggingardeild

**Auglýsing um breytingar á deiliskipulagi í Kópavogi.**

## Kópavogsbraut 1a-c, Kópavogstún 3, 5, 7 og 9. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með auglýst tillaga ASK arkitekta að breyttu deiliskipulagi athafnasvæðis Sunnuhlíðar. Nánar tiltekið nær tillagan til Kópavogsbrautar 1a-c og Kópavogstúns 3, 5, 7 og 9. Í tillögunni er m.a. gert ráð fyrir að:

- Hjúkrunarheimilið Sunnuhlíð fái heimild til stækkunar um allt að 34 hjúkrunarrými
- gert er ráð fyrir nýrri þjónustumiðstöð fyrir aldraða sunnan Kópavogsbrautar 1b (milli fyrirhugaðra húsa við Kópavogstún 5 og 9). Áætlað er að þjónustubyggingin verði ein hæð auk kjallara um 750 m2 að grunnfleti með aðkomu frá Kópavogstúni
- íbúðum í fyrirhugum húsum við Kópavogstún 3 og 5 er fjölgað um samtals 6 íbúðir, hæð húsa og áætlað byggingarmagn breytist ekki miðað við gildandi deiliskipulag
- íbúðum í fyrirhuguðu húsi við Kópavogstún 9 er fækkað um 6 íbúðir og húsið lækkað um eina hæð miðað við gildandi deiliskipulag
- fjöldi og fyrirkomulag bílastæða breytist

Tillagan er sett fram á uppdætti í mkv. 1:2000 ásamt skýringarmyndum og greinargerð dags. 7. maí 2013. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Ofangreind tillaga verður til sýnis á Skipulags- og byggingardeild Kópavogs, Fannborg 6, 2. hæð frá kl. 8:30 til 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8:30 til 15:00, frá 3. júní 2013. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu bæjarins, www.kopavogur.is. Athugasemdir eða ábendingar skulu hafa borist skriflega Skipulags- og byggingardeild eigi síðar en kl. 15:00 þriðjudaginn 16. júlí 2013. Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkir tillögunum.

Skipulagsstjóri Kópavogs.

---

» Ráðningarþjónusta

# Leitar þú að starfsmanni?

**HH Ráðgjöf** hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.

» Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

- **Vinnusparnaður**
Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.
- **Markviss leit**
Sérskrifaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.
- **Þriggja mánaða ábyrgð**
Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.
- **Ekkert staðfestingargjald**
Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavini okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.
- **Fjöldi hæfra umsækjenda**
Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.
- **Fjölbreyttar þjónustuleiðir**
Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.
- **Reynsla og þekking**
Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.
- **Sanngjarnt verð**
Bjóðum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!



**HH Ráðgjöf** er alhliða ráðningaþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is

HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5905 • hhr@hhr.is • www.hhr.is



# ÚTBOÐ Ofanleiti 2

## Endurnýjun og uppfærsla

**Reginn hf.** auglýsir eftir tilboðum í endurgerð og breytingar á innra skipulagi Ofanleitis 2 í Reykjavík. Ofanleiti 2 er rúmlega 8.000 m² skrifstofu- og skólabygging. Verkið felst í breytingu á innra skipulagi, innri endurnýjun og uppfærslu til að aðlaga hús þörfum nýs leigutaka (Verkís).

Verkefnið skiptist upp í tvo áfanga, stærri áfanginn og sá fyrri verður unninn í júní til september/október 2013.

**Útboðsgögn** er hægt að nálgast á skrifstofu Arkís Arkitekta ehf., Höfðatúni 2, 105 Reykjavík, eða með því að senda tölvuskeyti á Halldór Þ. Arnarson, halldor@ark.is og fá gögn á rafrænu formi.

Tilboðum skal skila á skrifstofu Arkís Arkitekta, Höfðatúni, eigi síðar en **kl. 11:00 miðvikudaginn 12. júní 2013**.

Vakin er athygli á lengdum skilafresti tilboða og vettvangsskoðun **mánudaginn 3. júní kl. 14:00**.

VERKÍS ARKÍS

Reginn
FASTEIGNAFÉLAG

Hagasmári 1, 201 Kópavogur Sími: 512 8900 reginn@reginn.is

---

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

# ÚTBOÐ

**Hafnarfjarðarbær óskar eftir tilboðum í eftirfarandi Útboð.**

1. **Steyptar nýjar stéttar 2 Hafnarfirði 2013**
   Opnun tilboða þriðjudaginn 11. Júní kl. 10:30
   Áætlað magn ca 2.100 m²

2. **Steyptar nýjar stéttar 3 í Hafnarfirði 2013**
   Opnun tilboða þriðjudaginn 11. júní kl. 11:00
   Áætlað magn ca 2.900 m²

Útboðsgögn afhent á geisladisk og verða seld hjá Umhverfi og framkvæmdir Norðurhellu 2 Hafnarfirði frá og með mánudeginum 3. júní á kr. 3.000.- fyrir hver tilboðsgögn.

Tilboð verða opnuð á sama stað að viðstöddum þeim bjóðendum er þess óska.

Réttur áskilinn til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.

Umhverfi og framkvæmdir
Hafnarfjarðarbær.

---

# ÚTBOÐ

## Rammasamningur um kaup á ferskum fiski

**Kópavogsbær óskar eftir tilboðum vegna kaupa á ferskum fiski fyrir Mennta- og Velferðarsvið Kópavogsbæjar.**

Útboðsgögn verða seld á kr. 5.000 frá og með mánudeginum 3. júní 2013 í þjónustuveri Kópavogsbæjar, Fannborg 2 (1. hæð).

Tilboðum skal skilað fyrir kl. 11:00 þriðjudaginn 19. júní 2013 í þjónustuveri Kópavogs, Fannborg 2 (1. hæð).

Kópavogsbær
kopavogur.is

---

# ÚTBOÐ

## ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ - VIÐBYGGING
## ÚTBOÐ NR. 15472

Framkvæmdasýsla ríkisins f.h. mennta- og menningarmálaráðuneytisins óskar eftir tilboðum í verkhönnun og byggingu viðbyggingar við Þjóðleikshúsið. Um er að ræða alútboð að hluta því leitað er eftir aðila sem yfirtaki hönnunarstjórn verksins, fullgeri verkteikningar í samráði við arkitekta, fái framkvæmdarleyfi og skili af sér 1. áfanga verksins fullbúnum með öryggisúttekt.

1. áfangi er fullbúin bygging án lagna og lyftubúnaðar en arkitektateikningar eru nánast fullbúnar. Hlutverk byggingarinnar er að auðvelda það að koma sviðsbúnaði inn á sýningarsvið og tengja smíðaverkstæði í kjallara betur við þau.

Viðbyggingin verður um 120 m² með um 9 m vegghæð og er hugsuð sem skammtímabygging sem þó verði vandað vel til eins og um varanlega byggingu væri um að ræða.

Megin verkefni þessa 1. áfanga er:

Burðarþolshönnun og verkteikningar vegna hennar
Fullbúnir útveggir
Fullbúið þakvirki
Fullbúið milligólf
Hurðargat inn í aðalbyggingu
Aðkomuhurð stór
Aðkomuhurð lítil
Vatnslagnir til að fá öryggisúttekt
Brunavarnir til að fá öryggisúttekt

Vettvangsskoðun verður haldin fimmtudaginn 13. júní 2013 kl. 13:00 að viðstöddum fulltrúa verkkaupa. Verkinu skal lokið í einu og öllu fyrir 1. desember 2013 en aðgengi til að koma inn sviðsbúnaði skal vera komið fyrir 19. ágúst 2013.
Útboðsgögn verða til sýnis og sölu á kr. 3.500 hjá Ríkiskaupum, Borgartúni 7C, 105 Reykjavík frá og með þriðjudeginum 4. júní n.k. Tilboðin verða opnuð hjá Ríkiskaupum 25. júní 2013 kl. 14:00 að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is

RÍKISKAUP

---

# ÚTBOÐ

## GATNAGERÐ
## Ásbraut
## endurgerð eldri götu

**Kópavogsbær ásamt Orkuveitu Reykjavíkur og Gagnaveitu Reykjavíkur óska eftir tilboðum endurgerð götu og veitulagna í götunni Ásbraut í Kópavogi.**

Í verkinu felst að jarðvegskipta í götustæði, endunýja fráveitulagnir, vatnslagnir, hitaveitulagnir og fjarskiptalagnir. Leggja nýtt slitlag á götuna, endurnýja gatnalýsingu og gangstéttar.

**Helstu magntölur eru:**

| | |
|---|---|
| Lengd götu | 260 m |
| Fráveitulagnir | 600 m |
| Skurðlengd veitulagna | 800 m |

Verkinu skal að fullu lokið 10. nóvember 2013.

Útboðsgögn verða seld á kr. 5.000 – í þjónustuveri Kópavogsbæjar Fannorg 2 frá og með miðvikudeginum 5. júní 2013.

Tilboðum skal skilað á sama stað þriðjudaginn 19. júní 2013 fyrir kl. 11:00 og verða þau þá onuð í viðurvist þeirra bjóðenda sem þar mæta.

Kópavogsbær
kopavogur.is

---

# ÚTBOÐ

## GATNAGERÐ
## Breikkun Dalvegar og gerð hringtorgs 1. áfangi

**Kópavogsbær óskar eftir tilboðum í breikknun Dalvegar til vesturs frá hringtorgi við Digranesveg og til móts við hús nr. 18 við Dalveg og að gera hringtorg við innkeyrslu að Sorpu.**

Í verkinu felst að jarðvegskipta í götu – og stígstæði, leggja nýtt slitlag á hluta af götunni og ganga að öðru leiti frá yfirborði götu og stíga. Framkvæmd þessi er boðin út með fyrirvara um gildistöku á breyttu deiliskipulagi fyrir Dalveg 2 – 16.

**Helstu magntölur eru:**

| | |
|---|---|
| Gröfur | 6.400 m³ |
| Fylling burðarlags | 6.400 m³ |
| Undirlagsmalbik | 2.200 m² |
| Malbikun götu | 3.000 m² |

Verkinu skal að fullu lokið 10. nóvember 2013.

Útboðsgögn verða seld á kr. 5.000 – í þjónustuveri Kópavogsbæjar Fannorg 2 frá og með miðvikudeginum 5. júní 2013.

Tilboðum skal skilað á sama stað þriðjudaginn 19. júní 2013 fyrir kl. 11:00 og verða þau þá onuð í viðurvist þeirra bjóðenda sem þar mæta.

Kópavogsbær
kopavogur.is

---

Vissir þú að...
Foreldrar bera megin ábyrgð á að styðja að líkamlegum, andlegum og félagslegum þroska barna sinna.
Barnaheill
Save the Children á Íslandi

# ÚTBOÐ

**Ný útboð í auglýsingu hjá Reykjavíkurborg:**

- **Hverfisgata endurgerð. Frakkastígur – Vitastígur,** nr. 13044.
- **Grandagarður 2, utanhússviðgerðir,** nr. 13013.
- **Reglubundið viðhald raflagna – Hverfi 1, 2 og 3,** nr. 13052.
- **Reglubundið viðhald raflagna – Hverfi 4 og 5,** nr. 13053.
- **Reglubundið viðhald raflagna – Hverfi 6 og 7,** nr. 13054
- **Reglubundið viðhald raflagna – Hverfi 8, 9 og 10,** nr. 13055.

Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod

Reykjavíkurborg
Innkaupadeild
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, Bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

# FORVAL

**Breiðholtslaug: Aðstaða fyrir líkamsræktaraðstöðu, nr. 12988.**

Íþrótta- og tómstundasvið og Umhverfis- og skipulagssvið, óska eftir umsóknum áhugasamra aðila til að taka þátt í uppbyggingu og rekstri líkamsræktaraðstöðu í tengslum við Breiðholtslaug ásamt því að koma að fjármögnun, framkvæmdum og rekstri viðkomandi aðstöðu.

Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod

Reykjavíkurborg
Innkaupadeild
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, Bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

## TIL LEIGU - LAUFÁSVEGUR

Um er að ræða góða 3-4 herb. íbúð við Laufásveg.
Íbúðin er í fallegu húsi og með sérinngangi.
Mánaðarleiga kr. 200.000.
Upplýsingar í síma 896-2822.



**Yogi, eina ísbúðin á Akranesi er til sölu.**

Yogi selur jógúrtís í sjálfafgreiðslu (6 stútar), rjómaís og ísrétti frá Emmessís. Einnig eru seldir hollustudrykkir, skyrdrykkir og safar, boozt og smoothy. Og síðast en ekki síst frábært kaffi.

Staðsett í Krónuhúsinu á Akranesi.
Einstakt tækifæri fyrir samhenta fjölskyldu.
Besti sölutíminn framundan.

Fyrirspurnir sendist á netfang brekka@brekka.is
eða á Fasteignasölu Vesturlands s. 431-4144

## Sjávarjörð í Reykjavík





**OPIÐ HÚS**
Sunnudag 2.júní 14:00 - 15:00

**Lögbýli að Hvammi til sölu**

- Glæsilegt lögbýli 6 ha
- Eignarland að sjó
- Tvö hús
- Einstak útsýni

Verð frá **29,5 millj.**



Nánari upplýsingar veitir
**Jórunn Skúladóttir,** Sölufulltrúi
jorunn@miklaborg.is **sími:** 845 8958



**Óskar R. Harðarson**
hdl. og löggiltur fasteignasali

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

## FALLEGT RAÐHÚS Í FOSSVOGI KJALARLAND 31

OPIÐ HÚS SUNNUDAGINN 2. JÚNÍ
Á MILLI KL. 15 OG 15:30



Húsið er verulega vel skipulagt og er um 216 fm að stærð. Svefnherbergi geta verið 4 eða 5. Húsið hefur fengið gott viðhald og er mikið endurnýjað. **Verð 62.900.000 kr.**

Sveinn Eyland
lögg. fasteignasali verður
á staðnum s: 6900 820



**SVEINN EYLAND**
Löggiltur fasteignasali
Sími: 6900 820

**LANDMARK**
FASTEIGNASALA
MAGNÚS EINARSSON - Löggiltur fasteignasali
SÍMI 512 4900 – BOLHOLTI 4 – LANDMARK.IS

**MIÐBÆR**
Fasteignasala & Leigumiðlun
Kristbjörn Sigurðsson lögg. fasteignasali & leigumiðlari
S: 588 3300

## TIL SÖLU TÍSKUVÖRUVERSLUN Í MIÐBÆNUM

Höfum fengið til sölu mjög góða tískuvöruverslun í uþb 95 fermetra leiguhúsnæði á góðum stað í fallegu steinsteyptu húsi við Laugaveginn. Hátt er til lofts og rýmið sem er bjart og skemmtilegt hefur auk þess góða sýningarglugga að götunni.
Sér snyrting og lítil kaffistofa/lager er innan verslunarinnar.

Verslunin sem sérhæfir sig í kvenfatnaði, skarti og gjafavöru hefur tryggan hóp viðskiptavina, veltan sem var kringum 20-24 milljónir á síðasta ári fer stígandi og nú fer í hönd söluhæsta tímabil ársins. Núverandi eigandi hefur séð um innkaup og vöruinnflutning sjálfur og koma vörurnar aðallega frá Amsterdam, London og Bandaríkjunum. Innifalið í kaupverði er vörulagar að útsöluverði ca. 5 milljóna króna auk innréttinga.

**Verð: 12.000.000 kr**
Leiga á mánuði: ca 360.000 kr á mánuði með vsk

**ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR**
veitir Ingólfur Ingvarsson sölufulltrúi í síma 893-7806, eða sendið póst á netfangið: ingolfur@midbaer.is






**EIGNAMIÐLUN** Reykjavík



Sverrir Kristinsson
lögg. fasteignasali

Frá 1957
*Elsta starfandi fasteignasala landsins*

Sími: 588 9090 · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík · www.eignamidlun.is

## Einbýlishús á sjávarlóð á sunnanverðu Seltj.n.





Glæsilegt einbýlishús um 600 fm. Húsið er á tveimur hæðum og stendur á sjávarlóð á einum eftirsóttasta stað á höfuðborgarsvæðinu. Að innan er húsið rúmlega tilbúið undir tréverk en fullfrágengið að utan. Lóð er fullfrágengin með stéttum, heitum potti, gufubaðstofu o.fl. Hér er um að ræða einstaka eign á frábærum stað. Húsið er hannað af Steve Christer og Margréti Harðardóttur.

**Allar nánari upplýsingar veita Sverrir Kristinsson og Gunnar Helgi Einarsson**

RE/MAX Senter

ER MEÐ ÖRUGGAN KAUPANDA AÐ SÉRBÝLI Í FOSSVOGI
3-4 SVEFNHERBERGI OG GOTT ÁSTAND ERU SKILYRÐI





Vissir þú að...
Barnaheill
börn eiga rétt á að leita sér

# Lyngmóar 1
210 Garðabær
3ja herbergja með bílskúr.

**Stærð: 110,7 fm**
**Fjöldi herbergja: 3**
**Byggingarár: 1982**
**Fasteignamat: 22.500.000**

RE/MAX Lind




**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 13:30-14:00**

**Verð: 26.800.000**

Mjög falleg og vel skipulögð 3ja herbergja íbúð á 3 hæð með fallegu útsýni í 3ja hæða fjölbýlishúsi við Lyngmóa í Garðabæ. Íbúðarrýmið ásamt geymslunni er 93,9 fm og bílskúrinn 16,8 fm eða samtals: 110,7 fm. Húsið að utan og garðurinn eru í mjög góðu ásigkomulagi.

OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL 13:30 - 14:00 EINNIG MÁNUDAGINN 3 JÚNÍ FRÁ KL 17:30 - 18:00.


Andri Sigurðsson
Sölufulltrúi
**690 3111**
andri@remax.is

Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
**5107900**
thorarinn@remax.is



**RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is**


# Leifsgata 21
101 Reykjavík
RÚMGÓÐ ÍBÚÐ MEÐ SÉRINNGANGI.

**Stærð: 113,7 fm**
**Fjöldi herbergja: 5**
**Byggingarár: 1934**
**Fasteignamat: 27.900.000**

RE/MAX Lind




**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 12:30-13:00.**

**Verð: 33.900.000**

Um er að ræða 113,4 fm íbúð á 1. hæð með sérinngangi á eftirsóttum stað í 101 Reykjavík. Eignin er laus til afhendingar. Fjögur – fimm svefnherbergi, tilvalið fyrir stórfjölskylduna eða til útleigu. LAUS TIL AFHENDINGAR. Í HEILD ER ÞETTA EIGN SEM BÝÐUR UPP Á MIKLA MÖGULEIKA OG FRÁBÆRLEGA VEL STAÐSETT.

Allar nánari upplýsingar veitir: Andri Sigurðsson sölufulltrúi og löggiltur leigumiðlari í síma 690 3111.


Andri Sigurðsson
Sölufulltrúi
**690 3111**
andri@remax.is

Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
**5107900**
thorarinn@remax.is



**RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is**


# Boðaþing 2
203 Kópavogur
Glæsileg íbúð í góðu hverfi

**Stærð: 144,7 fm**
**Fjöldi herbergja: 4**
**Byggingarár: 2007**
**Fasteignamat: 31.950.000**

RE/MAX Lind




**Sunnudaginn 2. júní 16:00-16:30**

**Verð: 36.900.000**



REMAX/LIND kynnir: 144,7 fm 4ra herbergja fallega og fullbúna íbúð á þessum vinsæla stað. Íbúðin er á 2.hæð í lyftuhúsi með stæði í bílageymslu. Innréttingar frá Inn-x, heimilistæki frá AEG.
Forstofa er flísalögð, góður eikarskápur upp í loft. Eldhús er opið við stofu, hvíttuð eikarinnrétting frá Inn-x. Tæki frá AEG. Flísar á gólfi og milli skápa. Uppþvottavél fylgir. Stofa og borðsofa eru bjartar og rúmgóðar, útgengi út á suðursvalir, parket á gólfi. Hjónaherbergi er mjög rúmgott, eikarskápar upp í loft. Parket á gólfi. Barnaherbergi 1: Rúmgott, eikarskápar upp í loft. Parket á gólfi.Barnaherbergi 2: Rúmgott, eikarskápar upp í loft. Parket á gólfi. Baðherbergi er rúmgott, flísalagt í hólf og gólf. Baðkar og sturta. Hvíttuð eikarinnrétting frá Inn-x. Gluggi á baði.
Þvottahús er flísalagt, lítil innrétting með skolvask. Geymslan er í sameign og er hún 14.5fm. Gott stæði í bílageymslu fylgir. Allar nánari upplýsingar veitir Hannes í síma 699 5008.


Hannes
Sölufulltrúi
**699 5008**
hannes@remax.is

Kristín
Sölufulltrúi
**8244031**
kristin@remax.is

Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
**5107900**
thorarinn@remax.is



**RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is**


# Kvisthagi 25
107 Reykjavík
Björt og rúmgóð hæð

**Stærð: 124,2 fm**
**Fjöldi herbergja: 5**
**Byggingarár: 1952**
**Fasteignamat: 32.500.000**

RE/MAX Borg




**Sunnudag 2. jún milli kl 16:00 - 16:30**

**Verð: 42.900.000**

Rúmóð og björt 5 herbergja 124,2 fm efri hæð við Kvisthaga í Reykjavík. Bjartar stofur. Þrjú góð svefnherbergi. Sameiginlegur inngangur með risi. Bílskúrsréttur fylgir eigninni. Tvennar svalir. Hellulagt plan með hita. Parket og flísar á gólfum.


Brynjar Þór
Sölufulltrúi
**896 1168**
brynjar@remax.is

Úlfar Davíðsson
Sölufulltrúi
**897-9030**
ulfar@remax.is

Þórunn Gísladóttir
Lögg. fasteignasali
**5195500**
thorunn@remax.is



**RE/MAX Borg - Ármúli 7 - 105 Reykjavík - Sími: 5195500 - www.remax.is**


# Hringbraut 57
101 Reykjavík
Falleg íbúð á eftirsóttum stað

**Stærð: 52,4 fm**
**Fjöldi herbergja: 2**
**Byggingarár: 1939**
**Fasteignamat: 11.450.000**

RE/MAX Borg




**Mánudag 3.júní milli kl 17:30 og 18:00**

**Verð: 17.900.000**

RE/MAX Borg kynnir mikið endunýjaða bjarta og fallega tveggja herbergja íbúð við Hringbraut Reykjavík í göngufæri frá Háskóla Íslands. Íbúðin snýr öll frá Hringbraut og inn í garð. Gólfhiti er í allri íbúðinni.


Brynjar Þór
Sölufulltrúi
**896 1168**
brynjar@remax.is

Þórunn Gísladóttir
Lögg. fasteignasali
**5195500**
remaxborg@remax.is



**RE/MAX Borg - Ármúli 7 - 105 Reykjavík - Sími: 5195500 - www.remax.is**


# Dimmuhvarf 27
203 Kópavogur
Glæsilegt og vandað einbýli

**Stærð: 331,4 fm**
**Fjöldi herbergja: 6**
**Byggingarár: 2002**
**Fasteignamat: 67.800.000**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX Lind



**Bókið skoðun hjá Hannesi í síma 699 5008**

**Verð: 118.000.000**



Remax Lind kynnir: Glæsilegt einbýlishús á tæplega 1700 fm lóð á frábærum útivistarstað ásamt tíu hesta lúxus hesthúsi og 25 fm vinnustofu. Fasteignirnar eru á sérlega fallegum stað í einstöku umhverfi, stutt í allar helstu reiðleiðir vatnsendahverfis.
Forstofa er flísalögð með fallegum flísum ásamt fatahengi og skáp, innangegnt í flísalagt þvottahús. Flísalagt gestasalerni. Í holi er mikil lofthæð, hol er flísalagt. Stofa og borðstofa eru bjartar með mikil lofthæð, úr stofu er útgengi út á uþb. 90 fermetra verönd. Eldhús er rúmgott og bjart, gott skápapláss, granít borðplötur, borðkrókur með fallegum gluggum. Parketlagt sjónvarpsrými ásamt tveimur svefnherbergjum með skápum. Aðalbaðherbergið er mjög fallegt, flísalagt með nuddbaðkari, sturtu og veglegri innréttingu með granít borðplötu. Við hlið baðherbergis er lítil geymsla(þar sem stigaopið á neðri hæð er, auðvelt að opna aftur). Bílskúr er snyrtilegur, flísar á gólfi. Húsið er klætt að hluta og allur frágangur að utan sem innan er til fyrirmyndar. Á neðri hæð er þriggja herbergja séríbúð auðvelt að opna aftur á milli.


Hannes
Sölufulltrúi
**699 5008**
hannes@remax.is

Kristín
Sölufulltrúi
**8244031**
kristin@remax.is

Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
**5107900**
thorarinn@remax.is



**RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is**


# Boðaþing 4
203 Kópavogur
Glæsileg penthouse - 26fm svalir

**Stærð: 144,2 fm**
**Fjöldi herbergja: 3**
**Byggingarár: 2007**
**Fasteignamat: 33.800.000**

RE/MAX Lind




**Sunnudaginn 2. júní 16:00-16:30**

**Verð: 44.900.000**



RE/MAX LIND kynnir: Stórglæsilega 144,2 fm 3ja herbergja og fullbúna penthouse íbúð á þessum vinsæla stað. Innréttingar frá Inn-x, heimilistæki frá AEG. Lýsing frá Lumex. Tvö stæði í bílageymslu.
Íbúðin er á 5.hæð (efstu) með 26,2fm hellulögðum suður svölum.
Forstofa: Flísar á gólfi, eikarskápur upp í loft. Eldhús er opið við stofu, hvíttuð eikarinnrétting frá Inn-x. Tæki frá AEG. Flísar á gólfi og milli skápa. Uppþvottavél frá AEG fylgir. Stofa og borðstofa eru mjög bjartar, parket á gólfi. Gengið er út á 26,2fm hellulagðar suðursvalir. Hjónaherbergi er rúmgott, eikarskápur upp í loft. Parket á gólfi. Barnaherbergi, rúmgott, eikarskápar upp í loft. Parket á gólfi. Baðherbergi er rúmgott, flísalagt í hólf og gólf. Baðkar og sturta. Hvíttuð eikarinnrétting frá Inn-x. Gluggi á baði.
Allar upplýsingar veitir Hannes í síma 699 5008


Hannes
Sölufulltrúi
**699 5008**
hannes@remax.is

Kristín
Sölufulltrúi
**8244031**
kristin@remax.is

Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
**5107900**
thorarinn@remax.is



**RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is**

Opið hús

# Úlfars braut 98

RE/MAX Borg



- Vandaðar íslenskar innréttingar
- Mikil lofthæð - allt að 3,5 m
- 6 íbúðir
- Stærðir 102 – 131 fm
- 3ja herb. Með möguleika á aukaherbergi í stærri eignunum
- Verð frá kr. 31.200.00



Sölusýning sunnudaginn kl. 14.00-16.00

## Úlfarsbraut 98

Glæsilegar íbúðir í Úlfarsárdalnum

RE/MAX Senter kynnir glæsilegar íbúðir í nýju klasahúsi á útsýnisstaði Úlfarsárdalnum. Um er að ræða vandað, 6 íbúða hús með stæði í bílageymslu með sér innkeyrsluhurð fyrir hverja íbúð. Húsið stendur neðst og vestast í hverfinu með einstöku útsýni til Reykjavíkur og yfir í Grafarholtið. Fyrir framan húsið er opið, vatnsverndarsvæði Korpu og yndislegt útivistarsvæði Úlfarsárdalsins.

Við hönnun og frágang hússins var vandað til allra verka, húsið og innviðir þess var hannað 2007.

**Þórunn**
Lögg. fasteignasali
519-5500

**Þóra**
*777 2882*
thora@remax.is



## Norðurnes 8

270 Mosfellsbær
Frábært útsýni

**Stærð: 59 fm**
**Fjöldi herbergja: 4**
**Byggingarár: 2003**
**Fasteignamat: 9.225.000**

RE/MAX Alpha




**Sunnudaginn 2. júní kl. 15:00-16:00** | **Verð: Tilboð**

RE/MAX Alpha kynnir: Vandað sumarhús í Norðurnesi í Kjós með frábæru útsýni. Þrjú svefnherbergi og svefnloft. Opin stofa og eldhús með fallegri kamínu. Mikið geymslupláss. Húsið er í nágrenni Reykjavíkur og stutt frá Meðalfellsvatni. TILBOÐ ÓSKAST
Allar upplsýingar veitir Davíð Ólafsson í síma 897 1533 eða david@remax.is



Davíð Ólafsson
Sölufulltrúi
**897 1533**
david@remax.is



Haukur Halldórsson
Lögg. fast. hdl.
**4777777**
haukurhalldors@remax.is

**RE/MAX Alpha - Skeifan 17 - 108 Reykjavík - Sími: 4777777 - www.remax.is**

## Lækjargata 32

220 Hafnarfjörður
Falleg íbúð við lækinn

**Stærð: 87,4 fm**
**Fjöldi herbergja: 3**
**Byggingarár: 2005**
**Fasteignamat: 21.550.000**

RE/MAX Borg



**Bókið skoðun hjá Þóru** | **Verð: 24.000.000**

RE/MAX Borg kynnir fallega og bjarta íbúð við lækinn í Hafnarfirði.
Íbúðin er með; flísalagða forstofu með góðum skápum, þvottahús innan íbúðar, opið alrými með eldhúsi og stofu og rúmgóðum suður-svölum. Svefnherbergi eru 2, bæði með skápum, flísalagt baðherbergi með baðkari og upph. sturtu.
Allar frekari upplýsingar um eignina veitir Þóra í s. 777-2882 eða thora@remax.is



Þóra Birgisdóttir
Sölufulltrúi
**7772882**
thora@remax.is



Þórunn Gísladóttir
Lögg. fasteignasali
**5195500**
remaxborg@remax.is

**RE/MAX Borg - Ármúli 7 - 105 Reykjavík - Sími: 5195500 - www.remax.is**

## Kórsalir 1

201 Kópavogur
Glæsileg penthouse íbúð

**Stærð: 292,4 fm**
**Fjöldi herbergja: 8**
**Byggingarár: 2001**
**Fasteignamat: 58.600.000**

RE/MAX Senter




**Opið hús á sunnudag 2 júní kl 18-18.30** | **Verð: 0**

RE/MAX SENTER kynnir: Fallega 292,4 m2 penthouse íbúð á tveimur hæðum með miklu útsýni yfir höfuðborgina og upp til fjalla. Tvö bílastæði í bílakjallara. Eignin skiptist í 5 svefnherbergi, 2 stofur, 3 baðherbergi, rúmgott eldhús og 4 svölum. Parket og flísar á gólfum.Hvergi var til sparað í innréttingum þegar eignin var byggð og eru allar innréttingar sérsmíðaðar kirsuberjainnréttingar. Innbyggð eldhústæki í eldhúsi.
Frábært útsýni.



Gunnar Sverrir
Sölufulltrúi
**8622001**
gunnar@remax.is



Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
**899 6753**
arg@remax.is

**RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 104 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is**

## Brún við Írafoss

801 Selfoss
Fallegt sumarhús við golfvöll

**Stærð: 131,6 fm**
**Fjöldi herbergja: 4**
**Byggingarár: 1953**
**Fasteignamat: 13.150.000**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX Lind



**Bókið skoðun um helgina** | **Verð: 18.900.000**

Fallegt sumarhús/einbýlishús með bílskúr á stórri eingarlóð með stórkostlegu útsýni við flottan golfvöll á Írafossi í Grímsnesi. Um 20 mín. akstur frá Selfossi og Hveragerði. Yndislegur staður í alfaraleið.
Allar nánari upllýsingar veitir Anna Kristín í síma 862-3494 eða anna@remax.is



Guðmundur K.
Sölufulltrúi
**8523332**
gudmundur@remax.is



Anna Kristín
Sölufulltrúi
**8623494**
anna@remax.is



Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
**5107900**
thorarinn@remax.is

**RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is**

## Laufvangur 2

220 Hafnarfjörður
100%YFIRTAKA + KOSTNAÐUR

**Stærð: 119,7 fm**
**Fjöldi herbergja: 4**
**Byggingarár: 1968**
**Fasteignamat: 22.350.000**

RE/MAX Alpha




**MÁNUDAGINN 3.JÚNÍ KL.18 - 18:30** | **Verð: 0**

VELKOMIN Í OPIÐ HÚS MÁNUDAGINN 3.JÚNÍ KL.18.
Góð fjögurra herbergja íbúð á 2.hæð. Laus til afhendingar 1.júlí. Þrjú svefnherbergi,öll með skápum. Þvottahús innan íbúðar. Tvær geymslur fylgja eigninni. Upplýsingar um eignina á kiddy@remax.is eða í 892-9400.



Kristín Ólafsdóttir
Sölufulltrúi
**892-9400**
kiddy@remax.is



Haukur Halldórsson
Lögg. fast. hdl.
**4777777**
haukurhalldors@remax.is

**RE/MAX Alpha - Skeifan 17 - 108 Reykjavík - Sími: 4777777 - www.remax.is**

## Vífilsgata 12

105 Reykjavík
Björt og falleg íbúð

**Stærð: 50,9 fm**
**Fjöldi herbergja: 2**
**Byggingarár: 1937**
**Fasteignamat: 14.400.000**

RE/MAX Borg




**Mánudaginn 3. júní l. 18.30-19.00** | **Verð: 19.900.000**

RE/MAX Borg kynnir bjarta og fallega íbúð á 1. hæð í litlu fjölbýli í Norður-mýrinni. Forstofa/hol er flísalögð, stofa er rúmgóð og björt með parketi, eldhús er vel innréttað með borðkrók, baðherbergi er flísalagt með sturtuklefa og hjónaherbergi rúmgott með parketi og skápum. Húsið er í ágætu ástandi í rólegri götu miðsvæðis í Reykjavík.
Allar frekari upplýsingar veitir Þóra í s. 777-2882 eða thora@remax.is.



Þóra Birgisdóttir
Sölufulltrúi
**7772882**
thora@remax.is



Þórunn Gísladóttir
Lögg. fasteignasali
**5195500**
remaxborg@remax.is

**RE/MAX Borg - Ármúli 7 - 105 Reykjavík - Sími: 5195500 - www.remax.is**

## Engjaþing 17. 1 hæð til hægri

203 Kópavogur
GLÆSILEG EIGN SEM VERT ER AÐ SKOÐA

**Stærð: 152,1 fm**
**Fjöldi herbergja: 3**
**Byggingarár: 2008**
**Fasteignamat: 32.200.000**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX Lind




**OPIÐ HÚS MÁN 3 JÚNÍ FRÁ KL 16:30-17:00** | **Verð: 34.900.000**

Sérinngangur í rúmgóða forstofu,fataskápur,flísar á gólfi. Vel skipulagt eldhús með rúmgóðri innréttingu. Opið frá eldhúsi inn í bjarta og rúmgóða borðstofu/stofu,parket á gólfi, suðaustursvalir. Hjónaherbergi með góðum fataskápum, parket á gólfi, útgengt á hellulagða verönd. Rúmgott barnaherbergi með fataskáp, parket á gólfi. Snyrtilegt baðherbergi með ágætis innrétting,sturta,baðkar,flísar á veggjum og gólfi. Þvottahús innan íbúðar. Mjög stór bílskúr sirka 50 fm.
**VERÐMET EIGNINA ÞÍNA FRÍTT**



Benedikt Ólafsson
Sölufulltrúi
**6617788**
bo@remax.is



Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
**5107900**
thorarinn@remax.is

**RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is**

## Baldursgata 30

101 Reykjavík
Flott nýuppgerð íbúð í 101

**Stærð: 64,2 fm**
**Fjöldi herbergja: 3**
**Byggingarár: 1964**
**Fasteignamat: 0**

RE/MAX Senter




**Opið hús á sunnudag 2 júní kl 17-17.30** | **Verð: 26.900.000**

RE/MAX SENTER KYNNIR: Ný uppgerða íbúð í miðbæ Reykjavíkur, gengið inn að aftan. Íbúðin er laus við kaupsamning. Eignin skiptist í 2 herbergi, eldhús, stofu og baðherbergi. Á gólfinu er nýtt harðviðarparket og flísar á baðherbergi. Eldhúsinnréttingin er ný. Baðherbergið er allt nýtt með flísum á gólfi og veggjum, innréttingu, upphengdu salerni og sturtu. Rafmagn er nýtt með nýjum ljósum. Nýjir gluggar og gler. Gert ráð fyrir þvottavél inná baðherbergi.



Gunnar Sverrir
Sölufulltrúi
**8622001**
gunnar@remax.is



Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
**899 6753**
arg@remax.is

**RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 104 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is**

LEIGUMIÐLUN SUÐURNESJA

Hafnargötu 90 (fyrir ofan Tölvulistann)
s. 420 6070
Reynir Ólafsson lögg, fasteignasali.
Júlíus Steinþórsson lögg, leigumiðlari, sölumaður
Sigurður V. Ragnarsson, sölumaður




# ERUM MEÐ Í EINKASÖLU STÓRGLÆSILEGAR NÝJAR 3ja OG 4ra HERBERGJA ÍBÚÐIR VIÐ BJARKARDAL 33

Möguleiki er að fá íbúðirnar á ýmsum byggingarstigum.

## SÖLUSÝNING LAUGARDAG OG SUNNUDAG FRÁ KL. 14:00 – 16:00

## Möguleiki er á 100% fjármögnun!

*Verðdæmi á 3ja herbergja tilbúinni íbúð með 20.280.000 kr. láni, 100% lán:*
80% lán á 4,2% vöxtum frá ILS miðað við 40 ár – greiðslubyrði ca. 70.000 kr.
20% lán á 4,2% vöxtum frá seljanda miðað við 30 ár – greiðslubyrði ca. 20.000 kr.

Samtals greiðslubyrði lána: ca. 90.000 kr. á mánuði.

**Nánari upplýsingar á skrifstofu okkar.**